Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

Hálsþorp í Djúpavogshreppi
Fornleifaskráning

Hlaða og bæjarhús Strýtubæjar. Ljósm. GZ.

Guðný Zoëga

nóvember 2004

2004/35

© Guðný Zoëga Byggðasafn Skagfirðinga
2004/35

Efnisyfirlit

Inngangur 1
Tilgangur fornleifaskráninga 2
Fornleifaskráning og aðferðir 4
Aðferð við skráningu 4
Jarðanúmer 4
Tegund, hlutverk og heiti 4
Lega 5
Staðhættir og lýsing 5
Hættumat 5
Heimildir 5
Heimildamenn 5
Saga jarðanna og fornleifar 6
Helstu minjaflokkar 6
Minjar í túni 6
Minjar í eða við tún 6
Minjar utan túns 7
Við sjó/vötn 8
Fornleifaskrá 10
Háls 10
Strýta 40
Kambshjáleiga (Efri-Hjáleiga) 52
Stekkahjáleiga (Stekkjarhjáleiga, Stekkshjáleiga, Neðri-Hjáleiga) 54
Viðauki við fornleifaskrá -Völvuleiðið á Hamri 72
Niðurstöður – samantekt 74
Minjar og varðveislugildi 74
Fjöldi minja á skráðum jörðum 74
Minjar á Hálsi 74
Minjar á Strýtu 75
Minjar í Kambshjáleigu 75
Minjar á Stekkahjáleigu 76
Minjar í Hálsþorpi, verndun og nýting 76
Niðurlag 77
Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar: 79
Heimildir 80

Viðauki – listi yfir hnit, loftmyndir og túnakort af jörðunum

Inngangur

Vorið 2004 tók Byggðasafn Skagfirðinga að sér skráningu í Hálsþorpi í Djúpavogshreppi í tengslum við verkefnið *Vettvangsrannsóknir, fornleifaskráning og úrvinnsla heimilda um þjóðminjar og örnefni á sunnanverðum Austfjörðum* sem unnið er á vegum Náttúrufræðistofu Hjörleifs Guttormssonar. Verkefnið fékk styrk frá Menningarráði Austurlands auk þess sem Djúpavogshreppur fyrirhugar að leggja fé til þess. Skráðar voru á vettvangi minjar í Hálsþorpi svokölluðu en til þess heyrði kirkjujörðin Háls og hjáleigur hennar Strýta, Kambshjáleiga og Stekkahjáleiga. Minjar voru skráðar á vettvangi í maí 2004 og voru þá auk Hálsþorps skráðar minjar á Seli á Búlandsdal. Að skráningunni vann skýrsluhöfundur með aðstoð Hjörleifs Guttormssonar.

Sérstakar þakkir eru færðar Ingimar Sveinssyni fv. skólastjóra sem ólst upp á Hálsi en hann aðstoðaði bæði við heimilda- og vettvangsvinnuna.



Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað

óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minja-vörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Háls 159131, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 236 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Háls væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Háls - 159131-236-1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Elínarkofi eða Lambhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Austurlands.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráning Hálsþorps voru Ingimar Sveinsson fæddur á Hálsi og uppalinn á Kambshjáleigu og Hjörleifur Guttormsson sem ritað hefur um svæðið í Árbók Ferðafélags Íslands 2002.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús*:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar*:** Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur*:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.
***Brunnar*:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar*:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur*:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan

nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.
***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
***Stöðull*:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
***Beitarhús*:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
***Smalakofar*:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
***Heytóftir*:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
***Fjárborgir*:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
***Garðlög*:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.
***Heyvinnsla*:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra

hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir*:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*:** Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Fornleifaskrá

Háls - 159131-236

Séð til suðausturs yfir bæjarstæðið á Hálsi. Kirkjugarður og eldra bæjarstæðið hægra megin á myndinni en yngra bæjarstæðið lengst til vinstri. Ljósm: GZ

Saga

Háls stendur við Hamarsfjörð austanverðan í kvos uppi undir Hálsfjalli þar sem fjallið lækkar og við taka svokallaðir Hálsar milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar.

Háls er forn kirkjustaður. Elstu heimildir um Háls eru úr kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200 (DIXII:5) og því ljóst að byggð hefur hafist þar snemma. Staðarins er einnig getið í Vilkinsmáldaga frá 1367 og kirkjan tileinkuð heilögum Andrési (DI,III:234). Frá 1812 var kirkjan annexía frá Hofi en kirkjubyggingin fauk 1892 og var kirkjan þá flutt á Djúpavog (Árbók 1955:52). Jörðin var fyrst í kirkjueign en síðar ríkiseign uns Búlandshreppur eignaðist hana árið 1973 (Sjm:433).

Fyrrum var land jarðarinnar mun stærra en það náði frá Kolþúfutanga við Hamarsfjörð norður yfir Hálsa um Hálsamót og niður í Eyfreyjunesvík við Berufjörð. Úr landi jarðarinnar byggðust síðan hjáleigurnar Teigarhorn við Berufjörð og Kambshjáleiga, Strýta og Stekkahjáleiga (Neðri-Hjáleiga) umhverfis heimajörðina í Hamarsfirði og mynduðu svokallað Hálsþorp (Sjm:434). Nöfn og lega hjáleiga frá Hálsi eru nokkuð á reiki í heimildum en elstu heimildir um hjáleigur frá Hálsi eru í manntalinu 1703. Þar eru nefndar tvær hjáleigur frá jörðinni, Hálshjáleiga og „annar

kofi frá Hálsi” (IS:39). Líklegast er átt við einhverjar hjáleignanna í Hálsþorpi en ekki er fullvíst hverjar þeirra. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 (bls.380) er Háls sagður 8 hundruð að dýrleika. Þar eru þá nefndar hjáleigurnar Kambshjáleiga, Stekkshjáleiga og Teigarhorn en neðanmáls segir: „Stekkshjáleiga er eigi nefnd fyrr en 1804 og telur prestur 1844 Stekka (7 manns), sem hvorki eru nefndir í jarðabókunum né heldur nú hjá sýslumanni. 1804 er hjáleiga Streita talin með Hálsi en 1760 eru taldar 2 Hálshjáleigur”. Líklegast er að Streita sé annað nafn yfir Strýtu. Í fornbýla- og eyðibýlaskrá (bls. 186) er getið um tvö eyðibýli, Klapparhjáleigu og Hring. Ekki er vitað hvar Klapparhjáleiga var en vera kann að þar sé um Stekkahjáleigu að ræða. Afbýlið Hringur var innst í túnjaðri á Hálsi en þar voru síðar fjárhús og garðrækt frá Hálsi.

Núverandi land heimajarðarinnar nær nokkurn veginn frá svonefndum Hálslæk rétt utan bæjarins inn að Vígðalæk sem fellur í Henglasvík innst í Hamarsfirði (Sjm:433, Árbók 2002:87).

Um tíma var tvíbýli á staðnum, Háls (Efribær) og Neðribær (Árbók 2002:89). Neðribær stóð rétt innan við kirkjugarðinn og var þar hið upprunalega bæjarstæði á Hálsi en síðar voru þar matjurtagarðar. Efribær stóð ofar í túninu. Þar var torfbær fram til um 1920 er timburhús var byggt á staðnum en húsið stóð á hlaðinni tóft. Rafmagn kom aldrei að Hálsi og heyskapur var stundaður með handverkfærum allt til búskaparloka. Búið var á Hálsi fram til 1963 er býlið fór í eyði. Síðustu ábúendur voru Sveinn Stefánsson frá Kambshjáleigu og Kristín Stefánsdóttir frá Hamri (Sjm:435).

Náttúrufar og jarðabætur

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Jörðin hefur stórt tún og mikið og grösugt land, þó minna lagi engi og er þar því fremur heyskaparlítið.Útigangur er þar góður, þar til hjálpar og rekþari. Landið er sumstaðar undirorpið skriðuhlaupum og hefur þar af sér gengið en aftur á öðrum stöðum er það ei áföllum undirliggjandi” (SS:556).

Gamla túnið mun hafa verið þýft og deiglent. Engjar voru votar, fremur snöggar en nærtækar og heygóðar. Heyjað var á mýrunum uppi á Hálsum. Vetrarbeit var sæmileg, sumarhagar í meðallagi og var ásetningur baggi á kind. Beitiland þótti gott og einnig var einhver fjörubeit. Útræði var stundað frá Hálsi og skeltaka til heimabeitu (Sjm:434-435).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, 1989.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*.
Stefán Einarsson: Austfirðir sunnan Gerpis. *Árbók Ferðafélags Íslands 1955*.
Íslenzkt fornbréfasafn XII. 1200-1554. Reykjavík, 1923-1932. (DI XII)
Íslenskt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands, 2002*.

Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Háls 159131 236



Teikning af tóftum í Hálstúni.

Háls 159131 236 – 1

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Bæjarhóll, matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’30’’ V14°23’04’’
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Jarðrækt, skógrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir

Í örnefnaskrám segir: „Innan við kirkjugarðinn er Gamlibærinn (Neðribærinn) (ÖISb:1). „Neðst í túninu er kirkjugarður. Inn af honum var Neðribærinn, meðan bæirnir voru tveir á Hálsi" (ÖSS:2).
Gamla bæjarstæðið er á túnakorti fast vestan við kirkjugarðinn og er þar sýnt sem matjurtagarður umgirtur garðhleðslu (Túnakort).
Svokallað Neðra bæjarstæðið er neðst í heimatúni fast ofan vegar sem liggur í túni á Hálsi.

Lýsing

Sléttað hefur verið úr bæjarhólnum en hann er þó enn vel sýnilegur. Hóllinn er um 30 x 25 m að utanmáli. Einungis ein smátóft er enn greinileg í hólnum. Hún er í suðvesturhorni hólsins um 3 x 2 m að innanmáli, veggjaþykkt um 50 cm og hæð um 30, engar dyr sjást á tóftinni. Austast í hólnum eru tveir ferkantaðir reitir sem eru frá seinni tíma garðrækt. Um 5 m austan hólsins er kirkjugarðurinn og er hann afgirtur. Enn eru merki um garðlagið sem lá umhverfis matjurtagarðinn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun.
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 – 2

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: N64°39'42'' V14°23'00''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Jarðrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir

Efri bærinn er sýndur á túnakorti ofarlega fyrir miðju túni. Þar er íbúðarhúsið og fast austan þess tvö samliggjandi útihús. Slóði liggur frá hlaði framan bæjar til austurs að þriðja útihúsinu (Túnakort).
Í Sveitum og jörðum segir: „Jörðin fór í eyði 1963, en íbúðarhúsið stendur enn, nokkuð hrörlegt orðið, enda einmana" (Sjm:434). Þar segir einnig i Búskaparannál: „Hús: Timburhús byggt laust fyrir ´20, tvílyft á hlaðinni tótt á 3 vegu, bæjarþil og dyr á móti suðri, 4 herb. og eldhús. Áður baðstofa, ekki lýst í F´18" (Sjm:435).
Efra bæjarstæðið svokallað er um 50 m ofan, norðaustan, neðra bæjarstæðisins og kirkjugarðsins.

Lýsing

Dálítil hólmyndun og í henni þrjár greinilegar tóftir. Hóllinn er um 18 x 12 m að umfangi, snýr nálega austur-vestur. Vestast í hólnum er tóft sem snýr a-v um 6 x 3 m að innanmáli. Líklega tóft húss sem hefur staðið bak framhúsinu. Fast austan við er stærri tóft sem snýr n-s og hefur þil verið til suðurs. Samsíða og fast austan þeirrar tóftar er minni tóft um 4 x 7 m að utanmáli. Veggir tóftanna standa enn nokkuð vel, eru um 1,5 m á hæð og 1 m á breidd.

Heimildaskrá

Túnakort; Þ.St.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.

Háls 159131 236 - 3

Sérheiti: Hálskirkja
Hlutverk: Kirkja
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°23’02’’
Horfin: Já

Staðhættir
Í Sveitum og jörðum segir: „H var prestsetur til 1812, er séra Jón Einarsson flosnaði upp þaðan, en sóknin var lögð undir Hof 1816 með Konungsbréfi. Árið 1893 var ákveðið að flytja kirkjuna á Djúpavog” (Sjm:433).
„Hálskirkjugarður neðst í Hálstúni og Kirkjuhóll austan við garðinn” segir í Örnefnaskrá (ÖEG:4).
Á túnakorti er garðurinn sýndur fast austan gamla bæjarstæðisins og er hlaðinn garður allt umhverfis hann. Hlið hefur verið á garðinum til vesturs, gegnt bæjarhólnum (Túnakort).
Kirkjugarðurinn er fast ofan vegar sem liggur um bæjarstæðið og um 5 m austur af gamla bæjarstæðinu.
Lýsing
Kirkjugarðurinn er um 25 x 25 m að ummáli og er girtur af. Tóft síðustu kirkjunnar er vestan til í garðinum, óljós veggur á þrjá vegu, þil hefur verið til vesturs. Tóftin er um 5 x 7 m að innanmáli. Í garðinum eru enn nokkur minningarmörk en engin merki eru lengur um hlaðna garðinn sem sýndur er á túnakorti.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 4

Sérheiti: Hálskirkjugarður
Hlutverk: Kirkjugarður
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°23’02’’
Horfin: Já

Staðhættir
„Hálskirkjugarður neðst í Hálstúni og Kirkjuhóll austan við garðinn” segir í Örnefnaskrá (ÖEG:4).
Á túnakorti er garðurinn sýndur fast austan gamla bæjarstæðisins og er hlaðinn garður allt umhverfis hann. Hlið hefur verið á garðinum til vesturs, gegnt bæjarhólnum (Túnakort).
Kirkjugarðurinn er rétt ofan vegar sem liggur um bæjarstæðið og um 5 m austur af gamla bæjarstæðinu.
Lýsing
Kirkjugarðurinn er um 25 x 25 m að ummáli og er girtur af. Tóft síðustu kirkjunnar er vestan til í garðinum, óljós veggur á þrjá vegu, þil hefur verið til vesturs. Tóftin er um

5 x 7 m að innanmáli. Í garðinum eru enn nokkur minningarmörk en engin merki eru lengur um hlaðna garðinn sem sýndur er á túnakorti.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 5

Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39'42'' V14°23'00''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Jarðrækt

Staðhættir
Efri bærinn er sýndur á túnakorti ofarlega fyrir miðju túni. Þar er sýnt íbúðarhúsið og fast austan þess tvö samliggjandi útihús. Slóði liggur frá hlaði neðan bæjar til austurs að þriðja útihúsinu (Túnakort).
Lýsing
Dálítil hólmyndun og í henni þrjár greinilegar tóftir. Hóllinn er um 18 x 12 m að umfangi, snýr nálega austur-vestur. Vestast í hólnum er tóft sem snýr a-v um 6 x 3 m að innanmáli. Líklega tóft húss sem hefur staðið bak framhúsinu. Fast austan við er stærri tóft sem snýr n-s og hefur þil verið til suðurs. Samsíða og fast austan þeirrar tóftar er minni tóft um 4 x 7 m að utanmáli. Veggir tóftanna standa enn nokkuð vel um 1,5 m á hæð og um 1 m á breidd.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 6

Hlutverk: Útieldhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39'42'' V14°22'50''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Jarðrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson
Staðhættir
Á túnakorti er útihús um 30 m asa af gamla bænum, við endann á götu sem liggur frá bæjarhlaðinu (Túnakort).
Lýsing
Tóft liggur um 20 m austan bæjarhúsatóftanna. Hún er sýnd á túnakorti og er öskuhaugur fast sunnan hennar. Haugurinn er nú horfinn en tóftin snýr n-s og hafa dyr verið til suðurs. Hún er 5 x 2,5 m að innanmáli og standa veggir ágætlega í allt að metra hæð og eru um 1 m þar sem þeir eru þykkastir.

Tóft útieldhúss á Hálsi. Ljósm. GZ

Aðrar upplýsingar
Ingimar Sveinsson segir að þarna hafi verið útieldhús.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 7

Hlutverk: Hesthús
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°23’02’’
Tegund: Heimild
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er útihús, sunnan við kirkjugarðinn neðan við þjóðveginn (Túnakort). Þarna er nú nokkur upphækkun en engin veggjalög eru greinileg.
Aðrar upplýsingar
Ingimar Sveinsson segir að þarna muni hafa staðið hesthús.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 8

Hlutverk: Rétt, nátthagi
Tegund: Garðlag, tóft
Staðsetning: N64°39’35’’ V14°23’19’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta



Staðhættir
Á túnakorti er útihús vestast í túninu sunnan við veginn sem liggur um bæjarhlaðið um 175 m vestan við kirkjugarðinn (Túnakort).
Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Nátthagagarður og fjárrétt í Nátthaganum” (Sjm:435). Klettahæð er fast neðan vegar sem liggur um bæjarstæðið á Hálsi, beint neðan hæðarinnar sem býlið Hringur stóð um 180 m suðvestur af kirkjugarðinum.
Lýsing
Fast neðan vegar er klettahæð sem liggur nálega n-s. Austan undir henni er grjóthlaðið gripheldi eða rétt um 10 m á breidd og 12 m á lengd, hlið hefur verið til suðurs. Umhverfis þessa rétt er grjóthlaðinn garður á þrjá vegu. Garðurinn liggur niður frá vegi um 30 m vestan réttarinnar. Þar liggur hann nv-sa á um 50 m kafla en syðst beygir hann til austurs og liggur þar á um 50 m kafla, þar beygir garðurinn til norðausturs og liggur á um 70 m kafla upp að veginum um 20 m norðaustan við réttina. Garðurinn stendur enn

ágætlega en er nokkuð farinn að hrynja. Hann er hæstur um 1 m og um 50 cm á breidd. Hlið hefur verið á garðinum við suðvestur horn hans.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 9

Sérheiti: Lambhús
Hlutverk: Fjárhús og hlaða
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'41'' V14°23'05''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Lambhústóft efst í túni. Gamla bæjarstæðið í baksýn. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Á túnakorti má sjá útihús nyrst í túninu (snýr n-s), um 60 m norðvestur af gamla bænum (Túnakort).
Um 65 m norðvestur af gamla bæjarstæðinu og kirkjugarðinum, efst í norðvesturhorni túns er tóft af fjárhúsi og hlöðu.

Lýsing

Fjárhúsið snýr n-s um 3 x 8 m að innanmáli og er garði eftir miðju húsinu. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en þil hefur snúið í suður. Þvert á tóftina aftan hennar er hlaða um 7 x 3 m að innanmáli og hefur þil snúið í austur. Þessar tóftir standa enn mjög vel veggir um 1,6 m þar sem þeir eru hæstir og um 1 m að breidd.

Heimildaskrá

Túnakort; Þ.St.

Horft til suðurs yfir bæjarstæði á Hring. Ljósm. GZ

Háls 159131 236 – 10

Sérheiti: Hringur
Hlutverk: Bæjarstæði
Staðsetning: N64°39'38'' V14°23'20''
Tegund: Heimild
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir

„Afbýlið Hringur var í innri túnjaðri. Þar voru síðar fjárhús"

(Sjm:434).
Í örnefnaskrá segir: „Innst (vestast) er Hringur, gamalt býli” (ÖISb: 1).
Bærinn stóð á hringlaga velli innan og ofan við tún á Hálsi. Leifar bæjarhúsanna er enn að finna um 10 m suðvestan við sumarhús sem þar stendur.

Lýsing

Af bænum sjálfum eru greinilegar tvær smátóftir. Sú stærri þeirra er um 6 x 4 m að utanmáli. Hálfhringlaga veggjabrot liggur á um 6 m kafla norður fyrir tóftina. Grafið hefur verið í tóftina og er búið að slétta úr henni að einhverju leyti. Um 2 m sunnan tóftarinnar er önnur ógreinilegri tóft um 5 x 3 m að utanmáli, veggir mjög ógreinilegir.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði.
Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 11

Sérheiti: Hringur
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°23’18’’
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson



Staðhættir

„Afbýlið Hringur var í innri túnjaðri. Þar voru síðar fjárhús” (Sjm:434).
Í örnefnaskrá segir: „Innst (vestast) er Hringur, gamalt býli” (ÖISb:1).
Á túnakorti má sjá tvö tún, annað minna og nyrst í því er útihús (Túnakort).

Lýsing

Tóftir tvístæðra fjárhúsa og hlöðu eru efst á túnblettinum á Hring. Húsin liggja norðaustur-suðvestur, og eru um 10 x 3 m að innanmáli hvort. Hlaða er áföst aftan við eystra húsið, 6 x 5 m að utanmáli. Húsin standa enn mjög vel, vegghæð um 1,5 m og þykkt um 1 m. Húsin munu hafa verið fjárhús frá Hálsi.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði.
Örnefnastofnun.
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 – 12

Sérheiti: Hringur
Hlutverk: Fjós
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°23’14’’
Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Um 10 m suður af sumarbústað og um 15 m austur af bæjarstæði hrings er fjóstóft.
Lýsing
Mjög gróin tóft um 8 x 4 m að utanmáli, ekkert grjót er greinilegt í hleðslum. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur, hleðsla er á þrjá vegu en þil hefur verið til suðvesturs. Veggjahæð er 30 cm og þykkt um 50 cm.

Háls 159131 236 - 13
Sérheiti: Hringur
Hlutverk: Matjurtagarður
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°23’18’’
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Hlaðinn matjurtagarður er um 10 m austur frá tvístæðum fjárhúsum, austast í túni á Hring. Garðurinn mun hafa verið frá Hálsi.
Lýsing
Ferkantaður garður úr torfi og grjóti um 12 x 6 m að utanmáli, hæð hleðslu 30 cm og þykkt 50 cm.

Háls 159131 236 - 14
Sérheiti: Hringur
Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Vatnsból
Staðsetning: N64°39’37’’ V14°23’21’’
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Uppspretta er beint neðan við hæðina þar sem Hringur stóð um 40 m neðan bæjarstæðisins. Þarna mun hafa verið vatnsból fyrir bæinn.

Háls 159131 236 - 15
Hlutverk: Vegur
Tegund: Akvegur, heimreið
Ástand: Gott

Staðhættir
Á túnakorti liggur heimreiðin frá bænum ssa niður að [þjóð]veginum (Túnakort).
Í Sveitum og jörðum segir: „Gamall upphlaðinn vegur um 80 m frá þjóðvegi heim að bæ, óvíst um aldur” (Sjm:435).
Lýsing
Vegur liggur um hlað á Hálsi sunnan kirkjugarðs og bæjarhóls. Upp frá honum, fast austan við kirkjugarðinn má sjá merki um heimreiðina upp að efri (yngri) bænum.

Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Háls 159131 236 - 16

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°23’09’’
Ástand: Gott
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Á túnakorti má sjá sáðgarð um 50 m norðan við gamla bæinn (Túnakort).
Lýsing
Þarna er hlaðið garðlag á þrjá vegu og er garðurinn að nokkru leyti grafinn inn í hlíðina. Þarna voru ræktaðar kartöflur í minni Ingimars.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 17

Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°23’00’’
Horfinn: Já

Staðhættir
Á túnakorti er haugstæði við norðurenda útihúsanna sem eru austan við gamla bæinn (Túnakort).
Lýsing
Engin merki eru nú lengur um þennan öskuhaug.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 18

Hlutverk: Öskuhaugur
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°22’50’’
Horfinn: Já

Staðhættir
Á túnakorti má sjá haugstæði um 35 m asa af gamla bænum, neðan við útieldhúsið (Túnakort).
Lýsing
Engin merki eru nú lengur um þennan öskuhaug.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 19
Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á túnakorti er vegur sem liggur austur/vestur um túnið sunnan við bæinn (Túnakort).
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 20
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Ástand: Sæmilegt
Staðsetning: N64°39’43’’ V14°23’04’’
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Jarðrækt

Staðhættir
Á túnakorti má sjá túngarð liggja v-a á um 110 m kafla um 30 m ofan og norðan tófta af yngra (efra) bæjarstæðinu. Annars virðist túnið hafa verið girt vírgirðingu (Túnakort)
Grjóthlaðið garðlag liggur a-v á um 100 m kafla efst við tún á Hálsi. Garðurinn er mestur um 40 cm á hæð og um 50 cm breiður. Kann að hafa verið hleðsla undir vírgirðingu.
Aðrar upplýsingar
Hnit á vestari enda túngarðs: N64°39’43’’ V14°22’55’’
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Háls 159131 236 - 21
Hlutverk: Kofi, lambakofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’43’’ V14°22’55’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Kofatóft er við svokallaða Tobbugjót vestan bæjarlækjar um 30 m ofan (norðan) norðausturenda túns.
Lýsing
Kofinn er um 5 x 4 m að utanmáli og torf- og grjóthlaðinn en þil hefur verið til suðurs.

Háls 159131 236 – 22
Sérheiti: Barnakofi

Hlutverk: Kofi
Tegund: Leikvöllur
Staðsetning: N64°39’43’’ V14°22’51’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Lítil kofatóft er um 5 m vestan lækjar, austast í túni um 90 m norðaustur af yngra (efra) bæjarstæðinu.
Lýsing
Kofinn er 1,5 x 2 m að utanmáli, veggir óverulegir. Mun hafa verið leikstaður barna.

Háls 159131 236 - 23

Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°23’03’’
Ástand: Slæmt

Staðhættir
Brunnur er sýndur á túnakorti um 30 m vestan við efra bæjarstæðið um 70 m upp af kirkjugarði. Þarna hafa verið teknar þökur í seinni tíð.

Háls 159131 236 - 24

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°23’28’’
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Smátóft um 4 x 3 m að utanmáli, liggur á klettahæð um 170 m vestur af neðra bæjarstæðinu á Hálsi á klettamel um 10 m neðan vegarins sem liggur til vesturs frá bænum inn á þjóðveg. Veggjalög nokkuð ógreinileg og engar dyr sýnilegar.

Háls 159131 236 - 25

Hlutverk: Geymsla
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’41’’ V14°23’05’’
Ástand: Gott
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Smákofi er ofan og vestan við klettahæð um 60 m norðvestur af neðra bæjarstæðinu á Hálsi.
Lýsing

Kofi vestan bæjarstæðis. Ljósm. GZ.

Kofinn var notaður sem geymsla í minni Ingimars. Veggir standa enn vel og er veggjahæð um 1,7 m. Veggjaþykkt er um 1 m. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og sést grjót enn í hleðslu. Kofinn er um 5 x 5 m að utanmál, hlaðinn á þrjá vegu en þil hefur verið til suðurs.

Háls 159131 236 - 26

Hlutverk: Mylla



Tegund: Tóft
Staðsetning: 64°39’36’’ V14°22’57’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir
Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Tvær myllutættur við Hálslæk, önnur rétt neðan við tún, hin í ósnum” (Sjm:435). Myllutóft er á vesturbakka Hálslækjar um 100 m frá neðra bæjastæðinu og kirkjugarðinum á Hálsi.
Lýsing
Tóftin er 3 x 2,5 m að utanmáli. Op er á tóftinni á norður og suður hlið og greinileg rás er í boga til norðurs frá tóftinni upp að læknum. Mesta vegghæð er 60 cm og þykkt 40 cm, grjót- og torfhlaðin.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Háls 159131 236 - 27

Hlutverk: Mylla
Tegund: Tóft
Staðsetning: 64°39’27’’ V14°23’18’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot



Staðhættir
Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Tvær myllutættur við Hálslæk, önnur rétt neðan við tún, hin í ósnum” (Sjm:435). Mylla á vesturbakka Hálslækjar við lækjarmót um 50 m upp frá fjöruborði.
Lýsing
Myllan er ferköntuð um 2 x 2,5 m að utanmáli. Torf- og grjóthlaðin á tvo vegu norðan og vestan til eingöngu grjóthleðsla. Tóftin er opin til suðurs. Veggjahæð er mest um 1 m en þykkt 50 cm.
Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Háls 159131 236 - 28

Sérheiti: Djáknadys
Hlutverk: Dys
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’29’’ V14°26’38’’
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegagerð
Friðlýst: Já

Djáknadys séð frá þjóðvegi. Ljósm. GZ.

Staðhættir
„Djáknadys er utan undir Ytri-Sandbrekku, grjóthraukur mikill samantíndur um aldir á bein djákna á Hamri, sem þar féll fyrir Hálspresti” (Sjm:434).
Í sóknarlýsingu frá 1840 segir svo: „Á þessu sviði er tvær hæðir teljandi sem kallast Ytri- og Innri Sandbrekka. Þar stendur og grjóthaugur mikill, kallaður Dys (þar skal prestur og djákn eitt sinn hafa glímt í þungu skapi svo báðir fengu bana; sá sem fyrst ferðast fram hjá þessum haug er vanur að leggja einn stein í hann til uppfyllingar)” (SS:528). Í þjóðsögunni “Dysin á Hálsströnd” (Sigfús Sigfússon) segir: “Þau álög fylgdu þessari dys að hver sá er um veginn færi skyldi kasta steinvölu í hana og sinni fyrir hvorn, hund og hest, ef hann hafði, ella mundi honum farnast illa.” Í Árbók ferðafélags Íslands segir Stefán Einarsson að leggja skuli þrjá steina í dysina (Árbók 1955:48).
Lýsing
Grjóthaugurinn stendur um 15 m neðan núverandi vegar norðan til innarlega í Hamarsfirði, innan svokallaðrar Rauðuskriðu. Dysin er í grýttu landi undir klettabelti um 80-100 m ofan fjöruborðs og lá alfaravegurinn rétt neðan hennar. Dysin er strýtumyndaður grjóthaugur um 2-5 m hár og 10 x 15m að umfangi. Haugur þessi er friðlýstur samkvæmt Þjóðminjalögum.
Aðrar upplýsingar
„Háls. Djáknadys, stór grjótdys rétt neðan við veginn innan við Rauðuskriðu, utan undir svonefndri Ytri-Sandbrekku. Skjal undirritað af KE 21.09.1964. Þinglýst 18.11.1964” (Skrá um friðlýstar fornleifar).
Heimildaskrá
Sigfús Sigfússon: Íslenskar þjóðsögur og sagnir VI, Reykjavík 1986, s. 109.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Stefán Einarsson: Austfirðir sunnan Gerpis *Árbók Ferðafélags Íslands 1955.*
Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993.

Háls 159131 236 - 29

Sérheiti: Grjótgarður

Hlutverk: Grjóthleðsla, Garður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°38’33’’ V14°30’50’’
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Á Hálsströnd vestan við túnið sjást leifar af miklum grjótgarði frá Grjótgarðstanga upp á Hultratungu og þaðan skáhallt upp á Kambshjalla og upp í kletta, vörslugarður og haldið við fram um ´39” (Sjm:435).
Í örnefnaskrá segir: „Grjótgarður, vörzlugarður (stendur enn að nokkru leyti, en er ekki lengur gripheldur), nær úr Stekkjartanga um Vondagilið ytra og upp í kletta” (ÖEG:4). Þar segir jafnframt: „[...]: Að innan úr Kambstanganum í Valtýskamb, þaðan í ytri enda Loðnahjalla og sama stefna, þangað til hún sker ytri takmörkin, sem eru Stekkjartanginn og grjótgarðurinn upp í Vondagilið ytra og eftir stefnu þess, þangað til hún skerst” (Örnefnaskrá, Eyjólfur Guðjónsson, 2).[Hultragil er sama og Vondagil skv. Örnefnalýsingu Eyjólfs Guðjónssonar]
Lýsing
Grjótgarður liggur niður svokallaða Ytri-Hultra og á nokkur hundruð metra kafla inn svokallaða Hultrahlíð. Liggur niður fjallshlíðina og niður að Stekknum um 20 m austan stekkjarins. Garðurinn rofnar á kafla þar sem að þjóðvegurinn sker hann. Garðurinn er um 1 m á hæð og um 1 m á þykkt.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 30
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’33’’ V14°23’59’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Horft til suðurs yfir stekkinn. Ljósm. GZ

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Utan við Valtýskamb er Stekkjamýri, Stekkjarhóll, og eru þar gamlar stekkjartóftir” (ÖSS:2).
„Rétt utan við Valtýskamb og Kambslæk er Stekkjarhóll neðan vegar og við hann rústir af stekk frá Hálsi. Út og upp af stekknum eru Hringsbrekkur og innst í þeim Beinhellir. Frá Stekkjartanga lá vörslugarður mikill, nefndur Grjótgarður, um Vondagil ytra uppí kletta. Sjást hans en glögg merki og utan flæðarmáls heitir Grjótgarðssker” (Árbók 2002:88).

Stekkurinn er í hvammi innan við Stekkjarhól svokallaðan upp af Grjótgarðsskeri og Grjótgarðsbugt.

Lýsing

Grjót og torfhlaðinn stekkur og eru grjót enn mjög greinilegt í hleðslum. Tóftin er tvískipt. Stærri króin er um 8 x 4 m að innanmáli, liggur norðaustur-suðvestur og er opin til suðurs að hafi. Áfast að austan er lambakróin 6 x 2 m innanmáli og er innangengt á milli tófta. Grjót er enn mjög greinilegt í hleðslu veggjahæð er mest um 1 m og þykkt 70 cm.
Um 5 m norðan stekkjarins er smærri, ógreinilegri, tóft um 3 x 5 m, veggjalag aðeins 20 cm hátt. Um 5 m löng einföld grjótröð liggur til norðurs frá norðvesturhorni stekkjarins.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands, 2002.*

Háls 159131 236 - 31



Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’34’’ V14°23’01’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Tvær tóftir og garðlag eru á grasbala austan undir klettahálsi um 10 m austan svokallaðs Hálslækjar um 150 m sunnan bæjarstæðis á Hálsi.

Lýsing
Syðri tóftin er 4 x 4 m að utanmáli, mjög gróin. Veggjahæð er mest 50 cm og þykkt 1 m. Tóftin stendur upp við stóran náttúrstein.

Háls 159131 236 - 32

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft og garðlag
Staðsetning: N64°39’35’’ V14°23’00’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Tvær tóftir og garðlag eru á grasbala austan undir klettahálsi um 10 m austan svokallaðs Hálslækjar um 150 m sunnan bæjarstæðis á Hálsi.

Lýsing
Nyrðri tóftin er um 5 x 5 m að utanmáli með dyr til austurs. Grjót er enn mjög greinilegt í hleðslum. Mesta vegghæð um 70 cm og þykkt um 1 m. Um 3 m norðan hennar er stór steinn og út frá honum er garðlag í boga til vesturs upp að klettinum.

Háls 159131 236 - 33

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: N64°39'30'' V14°23'22''
Ástand: Ómetið

Grjóthleðsla neðan við Hring. Ljósm. GZ

Staðhættir
Smá grjóthleðsla er út frá kletti um 300 metrum beint niður af kotbýlinu Hring neðan vegar sem liggur um hlað á Hálsi. Einföld ferköntuð grjóthleðsla um 1,5 x 1,5 m á kant. Kann að vera leikvöllur barna.

Háls 159131 236 - 34

Sérheiti: Hálshöfn
Hlutverk: Höfn, Útræði
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39'14'' V14°23'00''

Horft til austurs yfir Hálshöfn. Ljósm. GZ.

Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Háls eru Hálsengjar. Þar eru Lækjarós ytri og innri og Lækjaróshraun ytra og innra. Hálstangi utan við Ytra-Lækjaróshraun. Þar út af Siggusker. Utan við Hálstanga er hálshöfn, en utan við höfnina er Ytri-Hafnatangi" (ÖSS:2).
„Niður af bæ eru mýrar og móar og niður við sjó Hálshöfn, útróðrarstaður milli tveggja tanga, Siggusker í sjó, flúðir og naggar" (Sjm:434).

Lýsing
Við höfnina eru tvö naust nr 34 og 35.

Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 35

Sérheiti: Naust

Hlutverk: Höfn, Útræði
Tegund: Heimild
Staðsetning: 64°39’14’’ 14°23’00’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Háls eru Hálsengjar. Þar eru Lækjarós ytri og innri og Lækjaróshraun ytra og innra. Hálstangi utan við Ytra-Lækjaróshraun. Þar út af Siggusker. Utan við Hálstanga er hálshöfn, en utan við höfnina er Ytri-Hafnatangi” (ÖSS:2).
„Niður af bæ eru mýrar og móar og niður við sjó Hálshöfn, útróðrarstaður milli tveggja tanga, Siggusker í sjó, flúðir og naggar” (Sjm:434).
Tvö naust eru við vík austan við Hálstanga um 450 m suður af bæjarstæðinu á Hálsi .
Lýsing
Eystra naustið er hlaðin tóft í fjöruborðinu um 6 x 2 m að innanmáli opin til suðurs.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Halls 159131 236 - 36

Sérheiti: Naust
Hlutverk: Höfn, Útræði
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’14’’ V14°23’00’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Bátslaga naust við Hálshöfn. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Háls eru Hálsengjar. Þar eru Lækjarós ytri og innri og Lækjaróshraun ytra og innra. Hálstangi utan við Ytra-Lækjaróshraun. Þar út af Siggusker. Utan við Hálstanga er hálshöfn, en utan við höfnina er Ytri-Hafnatangi” (ÖSS:2).
„Niður af bæ eru mýrar og móar og niður við sjó Hálshöfn, útróðrarstaður milli tveggja tanga, Siggusker í sjó, flúðir og naggar” (Sjm:434).
Tvö naust eru við vík austan við Hálstanga um 450 m suður af bæjarstæðinu á Hálsi .
Lýsing
Vestara naustið er um 14 m vestan við eystra naustið. Naustið er grafið inn í sjávarbakkann. Það er bátslaga um 6 m á lengd og 3 á breidd, opið til sjávar.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 37
Sérheiti: Uppskipunarklöpp
Hlutverk: Uppskipun, Örnefni
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „[...]:Úr Uppskipunarklöpp utan í Sigurnesi eftir vörðum í vörðu hjá svonefndum Nátthagalæk” (ÖEG:1-2).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 38
Hlutverk: Uppsátur, Útræði
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Niður af Hlauphólum er Hlauphólaskot, klettabás við sjóinn. Þar var uppsátur fram yfir 1940” segir í örnefnaskrá (ÖISa:2).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (a), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 39
Sérheiti: Króin
Hlutverk: Byrgi
Staðsetning: N64°39’18’’ V14°23’05’’
Tegund: Heimild
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta



Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Í Innri – Hafnarmel er Króin á dálitlum kletti, hlaðið grjótbyrgi, sennilega notað til að geyma fisk” (ÖISb:1).
Lýsing
Grjóthlaðið ferkantað byrgi á lágum klettaási við sjóinn um 400 m suður af bæjarstæðinu á Hálsi. Byrgið er um 5 x 5 m að utanmáli og á því er enginn inngangur. Hleðsluhæð er mest um 70 cm.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 40

Hlutverk: Mógröf
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Mótekja í Hálsum í Strýtulandi" (Sjm:435).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Háls 159131 236 - 41
Sérheiti: Beinhellir
Hlutverk: Örnefni
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Innst og neðst í Hringsbrekkur er Beinhellir og þar niður af Beinhellisbotn" (ÖISa:1).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (a), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 42
Sérheiti: Vígðilækur
Hlutverk: Örnefni,
Tegund: Sögustaður, landamerki
Staðsetning: N64°39'29'' V14°28'03''
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Landamörk við Hamar: Vígðilækur um Tókugil upp í eggjar í utanverðum Fellstindi [...]"(ÖEG:3). „Vígðilækur. Sagt er að Guðmundur Arason góði biskup hafi vígt hann" (ÖISb:1). „Við Vígðalæk í Henglavík eru landamerki milli Hamars og Háls, upp í Tókugil, jafnframt eru þar hreppaskil milli Búlandshrepps og Geithellnahrepps" (ÖSS:1).
Í Árbók FÍ 2002, s. 87 segir: "Henglavík er innst við Hamarsfjörð að norðan og fellur í hana lækur undan skriðufæti skammt ofan vegar og kallast Vígðilækur. Þetta er kaldavermsl og kærkominn áningarstaður fyrir menn og hesta til að slökkva þorsta;"
Heimildaskrá
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. Árbók Ferðafélags Íslands, 2002.
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.
Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 43

Hlutverk:Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’48’’ V14°23’41’’
Ástand: Slæmt
Hættumat: Engin hætta

Lýsing
Hringur hét smábýli á túnskika um 100 m innan og ofan við bæjarstæði á Hálsi. Í fjallinu ofan Hrings er svæði sem nefnist Hultrar. Í lægð milli tveggja klettastalla er ógreinileg smátóft, um 4 x 3 m. Veggjalög eru mjög óveruleg og engar dyr eru greinilegar á tóftinni.

Háls 159131 236 - 44

Hlutverk: Götur
Tegund: Götur
Staðsetning: N64°39’47’’V14°23’14’’
Ástand: Gott

Lýsing
Greinilegar reiðgötur liggja upp ofan túns á Hring og upp á Hálsa ofan Hálsbæjar. Þær lágu frá Hálsi yfir í Búlandsdal.
Í Árbók 2002, bls, 88, stendur: “Yst í Hulstrum lá alfaravegur yfir Hálsa. Er þá farið upp Hringsbrekkur, yfir Hultrahrygg (Berháls) og, ef ferðinni var heitið inn með Berufirði, áfram neðan undir Brattamel að Búlandsá. Að Teigarhorni liggur leiðin utar um Nautalág.”

Heimildaskrá:
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. Árbók Ferðafélags Íslands, 2002.

Háls 159131 236 - 45

Sérheiti: Goðsteinar
Hlutverk: Örnefni
Staðsetning: N64°40’31’’ V14°23’13’’
Tegund: Sögustaður
Ástand:Gott

Lýsing
Í örnefnaskrá fyrir Háls segir: „Út með ánni [að sunnan] eru engjar, Dagmálamýrar. Gæti verið kennt við dagmál úr Seli hinum megin í

Goðsteinar yst í Búlandsdal. Ljósm. GZ

dalnum. Goðasteinar eru utar í Hálslandi, en nú er Goðasteinamýri komin undir Teigarhorn” (ÖSS:3-4).
„Búlandsdalur sunnan ár tilheyrir jörðinni Hálsi, stundum kallaður Suðurdalur, og var afréttarlandi þar skipt milli bæja í Hálsþorpi. Dalurinn norðan ár er hluti af Teigarhornslandi og nefndur Austurdalur. Við dalsmynnið hætta landamörk að fylgja ánni en liggja út eftir um Þrímenninga, örðu nafni Goðsteina, sem eru þrír steinar jarðfastir, og fylgja síðan línu sem dregin er um vörður út í Hálsamót” (Árbók 2002: 112-113).

Lýsing

Þrír stakir stórir jarðfastir steinar standa í röð sunnan í dalsmynni Búlandsdals. Tveir steinanna eru með 2 m millibili. Þriðji steinninn er svo um 10 m vestur af þeim.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands, 2002*.

Háls 159131 236 - 46

Hlutverk: Reiðgötur
Tegund: Vegur
Staðsetning: N64°40’36’’ V14°24’35’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Greinilegar reiðgötur eru út Búlandsdal í norðurhlíðum hans. Göturnar liggja um Sel á Búlandsdal.

Háls 159131 236 - 47

Hlutverk: Rétt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: N64°40’38’’ V14°24’07’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

„Gömul fjárrétt er örskammt innan við Sel á Búlandsdal í jaðri aurkeilu frá Selgili sunnan í Búlandstindi” (Árbók 2002:113).
Rétt liggur í norðurhlíð Búlandsdals, um 100 m upp og norðvestur af Seli.

Lýsing

Réttin er hlaðin úr grjóti og er hlaðin á milli stórra náttúrusteina. Hún er um 22 m löng og um 11 m breið. Tveir dilkar eru í réttinni, sá minni um 7 x 10 m að innanmáli og sá stærri um 15 x 10 m að innanmáli. Hlið hefur verið á réttinni til suðurs.

Heimildaskrá

Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands, 2002*.

Háls 159131 236 - 48

Séð til norðurs yfir Búlandsá yfir að Selinu. Ljósm. GZ.

Sérheiti: Sel á Búlandsdal.
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: N64°40’37’’ V14°23’51’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Á Búlandsdal hefur og eitt sinn verið sel frá Hálsi sem í langa tíma ei hefur brúkað verið, hvað sem tilkemur, því þar er fallegt selstæði, að vísu kann þar að þykja graslítið fyrir kýr” (SS:558).
Í fornbýla og eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar er getið um fornbýlið Búland í Búlandsdal en engar frekari lýsingar gefnar á legu býlisins eða hvaðan heimildir um það eru fengnar (HS:186). Hjörleifur Guttormsson leiðir líkur að því að rústir á Seli tilheyri þessu býli en í Árbók Ferðafélagsins (2002) segir hann: „Í mynni Búlandsdals austan Búlandsár rétt hjá Selfossi var sel frá Hálsi [...] Miklar rústir eru þarna ofarlega í allstóru graslendi upp frá ánni. Hér hefur líklega staðið fornbýlið Búland [...] Fellur bæði nafn dalsins og tindsins uppi yfir vel að þeirri hugmynd sem og örnefnið Dagmálamýri utan Búlandsár sem eyktarmark frá býli þarna. Hrossamýrar innst á Búlandsdal benda og til býlis ekki víðs fjarri. Goðaborg í Búlandstindi inn og upp af Seli gæti bent til byggðar á Búlandi í heiðni...” (Árbók 2002:113).

Rústir Sels eru á sléttlendi norðan Búlandsár í norðurhlíðum Búlandsdals yst í dalnum.

Lýsing



Á selinu eru töluverðar rústir og eru þar greinileg a.m.k. tvö byggingaskeið. Þrjár tóftir eru efst (nyrst) á rústasvæðinu og eru þær mun greinilegri en aðrar tóftir. Þær liggja á nokkurri upphækkun og eru greinilega reistar á eldri byggingum. Tvær tóftanna eru áfastar og liggur sú stærri, 8 x 4 m að utanmáli, nálega austur-vestur og eru dyr greinilegar á suður langhlið. Grjót sést enn í hleðslu. Áföst henni austan til er svo minni tóft, um 6 x 3 m, sem einnig er með inngang til suðurs. Um 2 m vestan þessara tófta er svo þriðja tóftin, hún liggur einnig a-v en inngangur hefur verið til austurs. Veggjaþykkt tóftanna er mest um 1 m og hæð um 80 cm.

Aðrar tóftir á svæðinu tilheyra eldra byggingarskeiði og eru nokkuð ógleggri. A.m.k. fjórar tóftir eða hólf eru greinileg í eldra byggingarskeiðinu. Austan til er tvískipt tóft um 12 m að lengd og 3 á breidd að innanmáli. Áföst vestan hennar er önnur, líklega tvískipt tóft sem er jafnlöng hinni en einungis um 2 m að breidd. Dyr hafa verið á báðum tóftum til suðurs. Framan (sunnan) þessara tófta eru einhverjar mishæðir sem kunna að benda til tófta en engin veggjalög eru greinileg. Einnig er greinilegt að undir seinni tíma seltóftunum hafa verið einhverjar eldri byggingar.

Aðrar upplýsingar

Sel á Búlandsdal kemur við sögu í frásögnum af Tyrkjaránunum svonefndu á 17. öld. Munu ræningjarnir hafa lagt skipum sínum á Djúpavogi og um 30-40 manna hópur farið í ránsferð inn með Hálsum. Þegar flokkurinn kom að kirkjustaðnum Hálsi fundu þeir engan heima fyrir þar sem heimilisfólk var allt í seli. Segir svo að þeir hafi fundið selið og tekið fasta alla er þar voru, ellefu manns. Einn piltur komst þó undan (IS:29-30).

Fornleifarannsókn

Ein minniháttar fornleifarannsókn hefur farið fram á Seli á Búlansdsdal en hún var gerð í tengslum við doktorsritgerð Guðrúnar Sveinbjarnardóttur, Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdiciplinary study. Var staðurinn þá mældur upp og sýni úr báðum byggingaskeiðum tekin með jarðvegsbor. Engin samfelld gjóskulög fundust sem gátu gefið til kynna aldur rústanna en í yngra byggingaskeiðinu fannst brot af rauðleirsdiski sem hægt er að rekja til 17. eða 18. aldar. Mannvistarlög voru nokkuð þykk en blönduð sem bendir til að búseta hafi verið á Seli í nokkuð langan tíma en þó með hléum (GS:73-75). Guðrún telur að vel kunni að vera að þarna hafi fyrrum verið býli sem staðið hefur í skamman tíma en jarðgæði í Búlandsdal eru nokkuð rýr.

Þessi rannsókn gefur því ekki glögga mynd af aldri rústanna en öll ummerki á staðnum benda til að þar sé um mjög fornar rústir að ræða. Rannsókn eins og sú sem hér um ræðir er mjög takmörkuð og þarf stærri fornleifarannsókn til að hægt sé að ákvarða aldur rústanna með nokkurri vissu.

Heimildaskrá

Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970.*
Hjörleifur Guttormsson: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands, 2002.*
Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, 1989.
Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdiciplinary study*. Oxford, 1992.

Háls 159131 236 - 49

Sérheiti: Sel á Búlandsdal
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°40’38’’ V14°23’53’’
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Mjög gróin og ógreinileg smátóft er í brekku um 40 m beint upp og norður af seltóftunum. Tóftin er um 3 x 2 m að utanmáli og virðast dyr hafa verið á henni til suðurs.

Háls 159131 236 - 50

Sérheiti: Sel á Búlandsdal
Hlutverk: Rétt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: N64°40’38’’ V14°23’53’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Hálfhringlaga grjóthleðsla er uppi við brekkuna um 30 m norðvestur og upp af seltóftunum. Hleðslan er hlaðin í boga upp við brekkuna og myndar áheldi upp við hana. Hlið eða inngangur er til suðvesturs. Lengd réttarinnar er um 15 m en breidd um 7 m þar sem hún er breiðust.

Hlaðið garðlag upp við brekku vestan sels. Ljósm. GZ.

Háls 159131 236 - 51

Sérheiti: Tobbugjót
Hlutverk: Sögustaður
Tegund: Sögustaður
Staðsetning: N64°39’44’’ V14°22’50’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Í Árbók Ferðafélagsins frá 1955 segir svo: „Utan og neðan undir Hultrahrygg og Hálsum þar útaf standa bæirnir Háls og Strýta, sitt hvorum megin við Hálslæk, er þar fellur ofan úr Tobbugjót. Í henni vældi útburður í sunnanveðrum” (Árbók 1955:49).

Háls 159131 236 - 52
Hlutverk:Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „En upp af Hálstanga er Hafnarmelur innri og ytri. Út og upp af Ytri-Hafnarmel er Þúfuhraun og undir því fjárrétt” (ÖSS:2).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 53
Hlutverk: Varða
Tegund: Landamerki
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í landamerkjaskrá fyrir Háls segir: „[...] fyrir utan dalsmynnið standa 3 jarðfastir steinar, kallaðir Þrímenningar, þar byrjar ný merkjalína og er takmörkuð af hlöðnum vörðum, sem standa hver frá annarri eftir háhálsinum allt út í svokölluð Hálsamót, þetta eru afréttar-, hagbeitar- og engjamörk Teigarhorns” (Úr landamerkjaskrá S-Múlasýslu er í Örnefnaskrá, Eyjólfs Guðjónssonar).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 54
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„[...]Úr Uppskipunarklöpp utan í Sigurnesi eftir vörðum í vörðu hjá svonefndum Nátthagalæk" segir í örnefnaskrá (ÖEG:1-2).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 55
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Þaðan beina leið um Hjallsker í vörðu niður af Háagili. Þaðan sjónhending í vörðu á Hálsbrúninni" segir í örnefnaskrá (ÖEG:2).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 56
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Staðhættir
„Að innan Litlahraunið við Hálslæk og eftir honum upp í Tobbugjótarkamb, þaðan eftir vörðum norður í stóran stein utan við Tobbugjótarlág" segir í örnefnaskrá (ÖEG:2).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 57
Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Að norðan úr stóra steininum út í stein á hrauninu sunnan við Kambamýri, þaðan eftir vörðum norður í Koll utan við Nautalág, úr honum sunnan við Sveifarvatnið eftir vörðum og í Krosslágarmynnið" segir í örnefnaskrá (Örnefnaskrá, Eyjólfur Guðjónsson, 2).

Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Háls 159131 236 - 58

Hlutverk: Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Að ofan úr umgetnu hrauni [innan við Hafnarmel] og út í miðjan melinn eftir vörðum" (ÖEG:2).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Strýta 159138 236

Framhús Strýtubæjar og Strýtan sem bærinn dregur nafn sitt af. . Ljósm. GZ.

Saga

Bærinn Strýta stendur undir Hálsum um 1 km utan við Háls. Einkennandi fyrir bæjarstæðið er hár Strýtukambur rétt austan bæjarhúsanna sem býlið dregur nafn sitt af. Strýta var hjáleiga frá Hálsi. Óvíst er um aldur jarðarinnar en í Jarðabók Johnsens frá 1847 (bls, 380) er býlisins ekki getið í lista yfir hjáleigur frá Hálsi en neðanmáls stendur: „1804 er hjáleiga Streita talin með Hálsi en 1760 eru taldar 2 Hálshjáleigur". Næsta víst má telja að þar sé um að ræða Strýtu og hefur hún þá verið fallin úr byggð um miðja 19. öldina. Nöfn og lega hjáleiga frá Hálsi eru nokkuð á reiki í heimildum en elstu heimildir um hjáleigur frá Hálsi eru í manntalinu 1703. Þar eru nefndar tvær hjáleigur frá jörðinni, Hálshjáleiga og „annar kofi frá Hálsi" (IS:39). Vera kann að annað þessara býla hafi verið Strýta en ekki er hægt að fullyrða um slíkt. Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Næsti bær við Hamar er Háls hér um 1 1/3 mílu utar, stendur hann undir Hálsfjalli utan og sunnan til, þar niður af hvar áður umgetnir Hálsar ganga út af því. Dýrleiki þessarar jarðar er mér ei að fullu kunnur, þó er hann fyrir nærvarandi tíma talinn með hjáleigunni Strýtu kallaðri, sem byggst þar með, 8 hndr"(SS:556). Bærinn er kominn í jarðaskrá undir núverandi nafni í Fasteignamati 1861. Í ævisögu Ríkarðs Jónssonar (ES:10) segir hann að fyrr á tímum hafi býlið verið nefnt Undir Kambinum en sú nafngift er ekki þekkt úr öðrum heimildum.

Mörk við Háls voru við Hálslæk milli bæjanna en óljós við aðrar jarðir í Hálsþorpi. Beitarland var þó sameiginlegt með Hálsi.

Á Strýtu ólust upp listamennirnir Ríkarður og Finnur Jónssynir og er bærinn þekktastur fyrir þær sakir. Gamli bærinn var torfbær og í fasteignamati 1918 er sögð ein baðstofa „3,76 x 3,15 m, gömul" Timburhús var byggt upp úr 1920, hæð og ris, eldhús og stofa niðri, tvískipt uppi um 40 m^2 (Sjm: 432). Þessi bæjarhús standa enn. Bærinn fór í eyði 1975 en síðustu ábúendur voru bræðurnir Gísli og Stefán Sigurðssynir.

Náttúrufar og jarðabætur

Samkvæmt Fasteignamati 1918 var túnið lítið 4788 m^2 að stærð, taða um 30 hestburðir og úthey um 18 hestburðir. Hæfileg áhöfn var 1 kýr, 1 hestur og 90 kindur. Um ¾ hlutar túns voru sléttaðir. Engjar voru reytingssamar snöggar þýfðar mýrar. Jörðin var landlítil og ræktunarskilyrði takmörkuð. Mótak fremur slæmt og útræði erfitt (Sjm:432).

Heimildaskrá

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Eiríkur Sigurðsson: *Með oddi og Egg.* Minningar Ríkarðs Jónssonar, Reykjavík,1972.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, 1989.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970.*



Tóftir í túni við Strýtu.

Strýta 159138 236 - 1

Sérheiti: Strýta
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hús og tóftir
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°22’42’’
Ástand: Slæmt

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Á túnakorti er bærinn norðarlega í túninu um 40 m vestur af bæjarlæknum. Matjurtagarður er sunnan við og útihús áfast að norðan (Túnakort).
Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Gamlibær skv. F´18: Baðstofa 3,76x3,15 m, gömul" (Sjm:433).
„Á Strýtu var í upphafi torfbær, en eitt af því fyrsta sem ég man eftir, var að torfbærinn var endurbyggður, og kýrnar, sem voru áður undir palli, fengu sitt eigið fjós áfast hlöðunni. Flestir inngangar voru úr timbri og einnig framhlið hússins, en gangar og geymslur voru hlaðnar" (ES:17).
Lýsing
Timburhúsið (framhúsið) sem byggt var um 1920 stendur enn en norðan þess eru leifar af tóftum torfbæjarins og útihúss og er þekja að hluta til fallin.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Túnakort; Þ.St.
Eiríkur Sigurðsson: *Með oddi og Egg.* Minningar Ríkarðs Jónssonar, Reykjavík,1972.

Strýta 159138 236 - 2
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hús og tóftir
Staðsetning: N64°39'40'' V14°22'42''
Ástand: Slæmt
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Á túnakorti er útihús upp við bæinn að norðanverðu (Túnakort).
Lýsing
Bæjarhúsin standa enn að hluta. Framhús bæjarins er enn uppistandandi en norðan þess eru leifar af tóftum torfbæjarins og útihúss og er þekja að hluta til fallin.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 3
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'41'' V14°22'46''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús rúmlega 40 m vsv af bæjarhúsum (Túnakort).

Fjárhústóft vestan bæjar. Ljósm. GZ

Fjárhústóft er 50 m beint vestur af bæjarstæðinu milli tveggja kletta í túni.
Lýsing
Tóftin er um 10 x 4 m að innanmáli úr torfi og grjóti. Veggir eru hæstir 1,5 m og um 1 m þar sem þykkastir. Tóftin snýr norður-suður, hlaðin á þrjá vegu en þil hefur verið til suðurs.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 4

Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Brunnur
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°22’40’’
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Brunnur er sýndur á túnakorti um 20 m austan bæjarhúsa á Strýtu (Túnakort).
Enn eru merki um vatnsból um 20 m austan bæjarhúsa en þar er engin brunnhleðsla.

Strýta 159138 236 - 5

Hlutverk: Hlaða
Tegund: Hús
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°22’46’’
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Hlaða stendur efst í túni um 50 m í túni vestan og ofan bæjarhúsanna .
Lýsing
Hlaðan stendur enn, veggir úr torfi og grjóti neðantil en bárujárnsklædd trégrind að ofan. Húsið er um 10 x 5 m að utanmáli.

Strýta 159138 236 - 6

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’41’’ V14°22’40’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús rúmlega 40 m na af bæjarhúsum, stendur á vesturbakka lækjarins (Túnakort).
Lýsing
Tóft er efst í túni um 25 m ofan og austan bæjarstæðisins. Torf- og grjóthlaðin, snýr nálega norður-

Fjárhústóft norðaustan bæjar. Ljósm. GZ.

suður, dyr hafa verið til suðurs. Veggjahæð 1,5 m, þykkt 60 cm.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 7

Hesthústóft sunnan bæjar. Ljósm. GZ .

Hlutverk: Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°22’44’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús í túnjaðrinum rúmlega 60 m suður af bæjarhúsum (Túnakort).
Um 60 m neðan við bæjarstæði Strýtubæjar er enn uppistandandi hesthúskofi fast norðan vegar neðan bæjarins.
Lýsing
Kofinn er hlaðinn austan undir smá kletti neðst í heimatúninu. Veggir eru úr torfi og grjóti og er kofinn u.þ.b. 3 x 5 m að innanmáli. Þekja stendur enn.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 8

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°22’42’’
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er matjurtagarður sunnan (neðan) við bæjarhúsin (Túnakort).
Lýsing
Engin merki eru lengur um þennan matjurtagarð.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 9

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er matjurtagarður um 55 m vsv við bæinn (Túnakort).
Lýsing

Engin merki eru lengur um þennan matjurtagarð.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 10
Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á túnakorti er vegur sunnan við túnið. Rúma 70 m suður af bæjarhúsum (Túnakort).
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 11
Hlutverk: Túnarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39'42'' V14°22'50''
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Túngarðsbrot í vesturenda túns. Ljósm. GZ.

Staðhættir
„Túngirðing, úr gaddavír 320 m, torfgarður 113 m" (Sjm:432).
Á túnakorti er sýnt hlaðið túngarðsbrot um 100 m vestur af bæjarhúsunum. Garðurinn hefur legið frá norðri til suðurs á a.m.k. 70 m löngum kafla og beygt við vesturhorn túns til austurs og er þar um 10 m langur (Túnakort). Garðlag er um 80 m vestur af bæjarhúsunum á Strýtu, í miðju túni.
Lýsing
Um 19 m langt garðlag úr torfi og grjóti liggur nálega norður-suður í túni. Garðurinn er um metri þar sem hann er hæstur og um 70 cm á breidd. Kann að vera hluti af túngarði. Leifar túngarðsins sjást einnig meðfram hlíðinni efst í túni og liggur þar í austur-vestur. Þar er garðurinn nokkru lægri og hefur girðing legið á honum að hluta.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 12
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'36'' V14°22'49''
Ástand: Gott

Staðhættir

Fjárhúskofi er enn uppistandandi í túni neðan vegar um 100 m neðan bæjarhúsa á Strýtu. Kofinn er úr torfi og grjóti og um 6 x 3 m að utanmáli.

Strýta 159138 236 - 13

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’33’’ V14°22’52’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Kofatóft neðst í Strýtutúni. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Tóft af smákofa er neðst í neðra túninu um 200 m neðan Strýtubæjar og um 25 m ofan þjóðvegar.
Lýsing
Tóftin er torf- og grjóthlaðin um 3 x 3 m að utanmáli. Mesta vegghæð er 30 cm en þykkt 50 cm. Kofinn er hlaðinn utan í stórt náttúrugrjót, dyr hafa verið í suður.

Strýta 159138 236 - 14

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: N64°39’34’’ V14°22’50’’
Ástand: Slæmt

Staðhættir
Á austurbakka skurðar um 100 m neðan (sunnan) Strýtubæjar, í neðra túninu.
Lýsing
Einhverskonar niðurgröftur og mishæðir eru við skurðarbakkann sem kunna að vera tóftarleifar.

Strýta 159138 236 - 15

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’34’’ V14°22’50’’
Ástand: Slæmt

Staðhættir
Lágt garðlag er við túngirðingu í móa um 150 m neðan við Strýtubæ.
Lýsing
Garðlagið er um 4 m að breidd og um 2 m að lengd, hæð lagsins er 10 cm og þykkt um 10 cm. Kann að vera undan girðingu eða einhverskonar matjurtagarður.

Strýta 159138 236 - 16

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°22’51’’
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Tóft smákofa er um 5 m neðan vegar um 80 m suðvestur af bæjarstæði á Strýtu.
Lýsing
Tóftin er um 3 x 3 m að utanmáli, mjög gróin. Dyr hafa verið í vestur. Veggjahæð um 30 cm og þykkt 50 cm.

Strýta 159138 236 - 17
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°22’53’’
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Matjurtagarður, um 25 x 7 m er í vesturhorni heimatúnsins. Austur hlið garðsins er hlaðið garðlag. Um 5 m ofar (norðar) í túninu er annar matjurtagarður um 5 x 7 m að stærð.

Strýta 159138 236 - 18
Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Vatnsból
Staðsetning: N64°39’41’’ V14°22’45’’
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Uppspretta er um 20 m vestur af gamla bæjarhólnum og hefur þar verið vatnsból bæjarins. Uppsprettan er sýnd á túnakorti (Túnakort).
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Strýta 159138 236 - 19
Hlutverk: Reykkofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Staðsetning: N64°39’42’’ V14°22’44’’
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Tóft af reykkofa efst í túni. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Um 20 m ofan bæjarhóls eru leifar af kofa. Tóftin er úr torfi og grjóti, um 2 x 4 m að utanmáli. Veggjahæð er um 1 m og þykkt um 80 cm.

Strýta 159138 236 - 20

Hlutverk: Vindmylla
Tegund: Rafstöð
Staðsetning: N64°39'40'' V14°22'40''
Horfin: Já
Staðhættir
„Vindrafstöð rétt fyrir '40" (Sjm:433).
Lýsing
Vindmylla var efst á Strýtunni, klettastapa um 20 m austur af bænum. Engar leifar eru af myllunni lengur en steyptar undirstöður eru enn efst á Strýtunni.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Strýta 159138 236 - 21

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Jarðrækt
Staðsetning: N64°39'38'' V14°22'39''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir
Matjurtagarður liggur á austurbakka bæjarlækjarins um 70 m suðaustan af Strýtubæ. Garðurinn er um 9 x 5 m að stærð.

Strýta 159138 236 - 22

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'39'' V14°22'36''
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Óglögg tóft austan túns. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Um 100 m austan bæjarhúsa á Strýtu, austan bæjarlækjarins á sléttlendi undir hlíðinni.
Lýsing
Mjög ógreinileg tóft, stórir steinar hlaðnir umhverfis stórt náttúrugrjót. Um 7 x 4 m að stærð.

Strýta 159138 236 - 23

Hlutverk: Hænsnakofi

Tóft af hænsnakofa. Ljósm. GZ.

Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°22’33’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Staðhættir
Um 150 m austan bæjarstæðis á Strýtu, austan undir klettaási, svokölluðum Innri-Kambi.
Lýsing
Kofatóft um 1,5 x 2,5 m að innanmáli er að hluta til grafin inn í hlíðina. Torf- og grjóttóft, tveir veggir eru hlaðnir en þil hefur verið í austur. Veggjahæð er um 1 m og þykkt 60 cm. Greinileg gata liggur um 3. m neðan við kofann til austurs. Einföld grjótröð er meðfram götunni á nokkurra metra kafla upp við brekkuna.
Aðrar upplýsingar
Ingimar segir þarna hafa verið hænsnakofa.

Strýta 159138 236 - 24
Hlutverk: Reiðgötur
Tegund: Slóð
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°22’32’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Staðhættir
Glöggar reiðgötur liggja meðfram hlíðinni austur af bænum um 10 m ofan við hænsnakofa [23].

Strýta 159138 236 - 25
Sérheiti: Fjóshraun
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild

Staðhættir
„Strýtukambur er rétt við Strýtubæinn. Á móti neðan við götuna eru Fjóshraun” (ÖSS:2). Engar tóftir fjóss fundust nema ef vera skyldi uppistandandi kofatóft (númer 12 í skýrslu) hafi upphaflega verið fjós.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Strýta 159138 236 - 26
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild

Staðhættir
Tóft útihúss er greinileg á loftmynd efst við og utan undir svokölluðum Ytri-Kambi.
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Strýta 159138 236 - 25
Sérheiti: Reiðsund
Hlutverk: Reiðgata
Tegund: Heimild

Staðhættir
„Utan við Strýtutún eru Ytri- og Innri-Kambar; niður af þeim er Reiðsund" (ÖSS:2).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Strýta 159138 236 - 26
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Útihús
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er útihús um 90 m vnv af bæjarhúsum (Túnakort).
Lýsing
Engar leifar eru nú af þessu húsi.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga - 159133-237

Horft til suðvesturs yfir útihús og bæjarhól í Kambstúni. Bæjarhóllinn er fyrir miðri mynd. Ljósm. GZ.

Saga

Rústir býlisins Kambshjáleigu eru í túni neðan við svokallaða Innri-Hálsa spölkorn upp af þjóðvegi, um einn og hálfan kílómetra utan við Háls. Býlið dregur nafn sitt af veglegum klettakambi í túninu sem aftur dregur nafn sitt af býlinu og nefnist Hjáleigukambur.

Kambshjáleiga var hjáleiga frá Hálsi og kemur nafnið fyrst fyrir í Manntalinu 1816. Nöfn og lega hjáleiga frá Hálsi eru nokkuð á reiki í heimildum en elstu heimildir um hjáleigur frá Hálsi er í manntalinu 1703. Þar eru nefndar tvær hjáleigur frá jörðinni, Hálshjáleiga og „annar kofi frá Hálsi" (IS:39). Vera kann að önnur þessara hjáleiga hafi verið Kambshjáleiga en erfitt er að fullyrða um slíkt. Kambshjáleigu er getið í sóknarlýsingu frá 1840 þá sögð 4 hundruð að dýrleika (SS:556-557). Í Jarðatali Johnsens frá 1847 (bls, 380) er Kambshjáleiga sjálfstætt býli talið 4 hundruð að dýrleika.

Landamerki við Búlandsnes voru rétt innan við tún á smábýlinu Merki í landi Búlandsness en mörk við önnur býli í Hálsþorpi óglögg. Beitarland var sameiginlegt með Hálsi (Sjm:431).

Býlið var fyrrum eign Hálskirkju en síðar ríkiseign fram til 1973 er Búlandshreppur (nú Djúpavogshreppur) keypti jörðina. Býlið lagðist af um 1950 og voru síðustu ábúendur Ólafur Stefánsson frá Kambshjáleigu og ráðskona Elín Stefánsdóttir systir

hans. Elín bjó þó áfram í svokölluðum Elínarkofa, smákofa austast í túni, í nokkur ár eftir að búskapur lagðist af á hjáleigunni.

Náttúrufar og jarðabætur

Í sóknarlýsingu frá 1840 (bls. 556-557) segir: „Hjáleiga undir Háls er svonefnd Kambshjáleiga, liggjandi skammt fyrir utan Háls sunnan undir hálsinum og önnur nefnd Stekkahjáleiga niður af hinni skammt frá, rétt við fjörðinn. Sú fyrri þessara er 4 hndr., hin 3 hndr. að dýrleika; báðar hafa þær lítið tún og litlar slægjur, útigangur er á báðum stöðonum góður og land ei til víða undirorpið áföllum".

Í Fasteignamatinu 1918 eru tún sögð 1,9 hektarar, taða 40 hestburðir og úthey 15 hestburðir, hæfileg áhöfn 1 kýr, 2 hestar og 100 fjár. Túnslétta var um 3/4 hlutar túna, engjar þýfðar og reytingssamar, mótak slæmt, flæðihætt á túnum og skriðuhætta (Sjm:431).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970.*



Kambshjáleiga 159133 237 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°21’40’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti má sjá bæinn, norðan við miðju túnsins, vestan við bæjarlækinn sem rennur eftir miðju túninu (Túnakort).
Í örnefnalýsingu segir: „Utan við Strýtutún eru Ytri- og Innri-Kambar; niður af þeim er Reiðsund, er Ytri-Kambur og Þúfuhraun mynda. Utan við Ytri-Kamba er Hágil,en þá tekur við túnið í Kambshjáleigu, en í því er langur Kambur” (ÖSS:2-3)
„Landið mun vera um 1 km á breidd um bæjarstæðið, sem er ofan þjóðvegar niður af Innri hálsum” (Sjm:430). Í búskaparannál í Sveitum og jörðum segir: „Hús samkv. F´18: Baðstofa 3,78 x 3,15 x 1,89+ 1,58 m, þiljuð uppi. Geymsluhús, tvílyft eftir hæð að dæma” (Sjm:431).
Tún Kambshjáleigu er um 100 m norður af þjóðvegi og einn kílómetra fyrir utan Strýtu. Fyrir miðju túni liggur áberandi klettakambur sem hjáleigan dregur nafn sitt af og um 25 m beint austan hans er bæjarhóllinn. Um 10 m austan hans rennur bæjarlækurinn í smá gili.
Lýsing
Bæjarhóllinn er um 30 m langur og um 20 m breiður. Í hólnum eru greinilegar sex tóftir, þrjár hafa snúið þili fram að hlaði en þrjár tóftir liggja aftan til í hólnum og eru dyr greinilegar á tveimur þeirra til norðurs. Tvær tóftanna sem snúa fram á hlaðið eru

um 10 x 4 m að innanmáli. Þriðja og minnsta tóftin, 8 x 3 m að innanmáli, er vestast í bæjarhólnum. Aftan hennar er smátóft um 2 x 2 m að innanmáli, dyr í norður. Þvert aftan við mið tóftina við bæjarhlaðið er tóft um 9 x 4 m að innanmáli með dyr til norðurs. Austan hennar er smærri tóft um 4 x 3 m að innanmáli. Hleðslur standa enn mjög vel en eru nokkuð farnar að hrynja. Mesta hæð er um 1,7 m, þykkt 2 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.

Kambshjáleiga 159133 237 - 2

Hlutverk: Útihús, Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°21’49’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir
Á túnakorti er matjurtagarður vestan við bæinn, í suðausturhorni hans er tvískipt lítil bygging (Túnakort).
Tóftin er austan undir matjurtagarði, neðan við hann í brekku sem hallar til austurs að bæjarlæknum, um 10 m vestur af bæjarlæknum.
Lýsing
Framan (sunnan) bæjarhlaðs er matjurtagarður og tvær smátóftir fast austan hans. Garðurinn er um 16 x 25 m að innanmáli og liggur torf- og grjóthleðsla umhverfis garðinn. Norður langhlið garðsins er bein en suður langhlið liggur í boga til austurs. Smátóft um 3 x 3 m að innanmáli er áföst við norðausturhorn garðsins, dyr til austurs. Fast upp við hana er önnur smátóft er í brekkunni upp af bæjarlæknum. Sú er um 4 x 3 m að utanmáli, dyr til suðurs. Veggir eru um 1 m á hæð og 1 m að þykkt.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 3

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: 64°39’40’’ 14°21’47’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir
Á túnakorti er útihús um 30 m norðaustan við bæinn og annað þar austan af (Túnakort)
Tóft er á hólbrún um 35 m ofan (norðaustan) við bæjarhólinn, vestan gilsins sem bæjarlækurinn rennur um.
Lýsing

Tóftin er um 8 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, dyr hafa verið til suðurs. Veggir standa enn mjög vel en eru eitthvað farnir að hrynja. Vegghæð er um 1,5 m og þykkt 1,5 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 4

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'40'' V14°21'46''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús um 50 m norðaustan við bæinn og annað þar vestan við (Túnakort).
Efst í túni um 50 m ofan (norðaustan) bæjarhólsins, vestan bæjarlækjar er tóft, e.t.v. af hesthúsi.
Lýsing
Tóftin er um 4 x 3 m að innanmáli, dyr eru til suðurs. Hleðslur standa mjög vel, allt í um 2 m hæð og veggjaþykkt er um 1 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 5

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'36'' V14°21'47''
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Útihús og matjurtagarður austan bæjarlækjar. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Á túnakorti eru tvenn útihús um 50 m sunnan við bæinn, vestan heimreiðar. Annað er heldur stærra (Túnakort).
Tóftir eru í túni um 20 m austan gilsins sem bæjarlækurinn rennur um og um 80 m suðaustan bæjartóftanna um 3 m vestur af tröðinni þar sem hún liggur í gegn um tún austan bæjar.
Lýsing
Tóftin snýr nálega n-s og eru dyr á suður skammvegg. Hún er um 7 x 3 m að innanmáli og vegghæð er mest um 1,5 m, þykkt 1 m.
Heimildaskrá

Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 6

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°21’47’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti eru tvenn útihús um 50 m sunnan við bæinn, vestan heimreiðar. Annað er heldur minna (Túnakort).
Lýsing
Um 5 m vestan tóftar nr. 5 er tóft af smákofa, um 2 x 1,5 m að innanmáli. Tóftirnar standa 3 m vestan við traðirnar heim að bænum.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 7

Hlutverk: Fjárhús og hlaða
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’39’’V14°21’44’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús tæpa 50 m austan við bæinn. Um 10 m austan við læk sem rennur frá na/sv í gegnum túnið (Túnakort).
Tóftir tvístæðra fjárhúsa og hlöðu liggja á austurbakka gilsins sem bæjarlækurinn rennur um 50 m norðaustur af bæjarhólnum.
Lýsing
Húsin eru um 10 x 5 m að innanmáli og eru tveir garðar fyrir miðju hússins. Tvennar dyr hafa verið við suðurstafn. Aftan húsanna er hlaða, um 5 x 4 m að innanmáli, dyr milli fjárhúss og hlöðu. Hleðsla stendur enn mjög vel um 1,6 m að hæð og um 2 m á þykkt.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 8

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°21’53’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Smá kofatóft er efst ofan við klettarana sem er suðvestan í túni um 80 m suðvestan bæjarhóls. Kofinn er um 1 x 2 m að utanmáli, veggjalög ógreinileg.

Kambshjáleiga 159133 237 - 9

Hlutverk: Útihús
Tegund:Tóft
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°21’54’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti sést tóft um 50 m nnv af bæjarhúsum uppi við túngarðinn (Túnakort). Tóft er í norðvestur horni túns um 25 m vestur af klettakambinum sem hjáleigan dregur nafn sitt af.
Lýsing
Tóftin er hlaðin innan við vestari hlið túngarðs. Tóftin er 5 m að lengd og 3 m að breidd, dyr fyrir miðri syðri langhlið. Hæð veggjar 1,5 m og þykkt 1,5 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.S

Kambshjáleiga 159133 237 - 10

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°21’49’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er matjurtagarður vestan við bæinn, í suðausturhorni hans er tvískipt lítil bygging (Túnakort).
Lýsing
Framan (sunnan) bæjarhlaðs er matjurtagarður og tvær smátóftir eru fast austan hans. Garðurinn er um 16 x 25 m að innanmáli og liggur torf- og grjóthleðsla umhverfis garðinn. Norður langhlið garðsins er bein en suður langhlið liggur í boga til austurs. Smátóft um 3 x 3 m að innanmáli er áföst við norðausturhorn garðsins, dyr til austurs.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 11

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°21’47’’
Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er sáðgarður tæpum 70 m sunnan við bæinn og um 10 m vestan heimreiðar (Túnakort).
Garðlag er í túni um 20 m austan gilsins sem bæjarlækurinn rennur um og um 90 m suðaustan bæjartóftanna.
Lýsing:
Nálega ferkantað garðlag, líklega rétt, er í túni vestan heimtraðarinnar sem liggur austur túnið. Grjót sést ekki í hleðslu en veggurinn stendur mjög vel. Hlið hefur verið við suðuvestur horn. Mesta vegghæð er um 1 m og þykkt um 1 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 12
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39’39’’ V14°21’59’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Ferhyrndur matjurtagarður er beint ofan steyptrar hlöðu um 100 m vestur af Kambinum sem hjáleigan dregur nafn af. Garðurinn er um 10 x 10 m að stærð.

Kambshjáleiga 159133 237 - 13
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’34’’ V14°21’56’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er sáðgarður í túnjaðrinum um 130 m suðvestur af bænum (Túnakort).
Lýsing
Áföst utan við túngarðinn við suðvestur horn hans er ferkantað garðlag 10 x 10 m að stærð, líklega matjurtagarður.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 14
Hlutverk: Landbúnaður, útihús
Tegund: Tóft, heimild
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°21’49’’

Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er haugstæði norðaustan við bæinn (Túnakort).
Lýsing
Tóft af smákofa er um 2 m norðan bæjarhólsins. Tóftin er um 3 x 3 m að utanmáli og eru dyr til vesturs. Vegghæð mest 1 m, þykkt 1 m.
Aðrar upplýsingar
Kofinn er á þeim stað þar sem sýnt er haugstæði á túnakortinu.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 15
Hlutverk: Vegur
Tegund: Tröð
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°21’47’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti eru tveir vegir, annar liggur [heimreiðin] í suður frá bænum (Túnakort).
Lýsing
Djúpar traðir liggja til suðausturs í gegn um tún frá austurbakka bæjarlækjarins og suður fyrir klettaás sem liggur austast í túni. Traðirnar eru mest um 2 m á breidd og um 40 cm djúpar.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 16
Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á túnakorti eru tveir vegir, annar liggur í vestur frá bænum (Túnakort).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð sérstaklega 2004.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 17
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft

Staðsetning: N64°39’39’’ V14°21’48’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Tóft liggur fremst á hólbrún um 30 m ofan (norðan) bæjarhólsins.
Lýsing
Tóftin er um 5 x 3 m að utanmáli, liggur norðvestur-suðaustur og eru dyr til suðurs. Veggjalög eru nokkru lægri en á öðrum tóftum á bæjarstæðinu um 30 cm á hæð og um 50 cm á þykkt.

Kambshjáleiga 159133 237 - 18

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’40’’ V14°21’53’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
„Túngirðing úr gaddavír 320 m , torfgarður 113 m^2 og grjótgarður 103,5 m” (Sjm;431)
Lýsing
Túngarður liggur umhverfis tún á Kambshjáleigu. Garðurinn er torf- og grjótgarður. Efsti hluti garðsins vestanvert og nyrðri hlið eru grjóthleðsla og hefur garðurinn líklega verið notaður undir vírgirðingu. Garðurinn liggur á um 120 m löngum kafla frá suðri til norðurs vestan túns. Hann beygir svo uppi við brekkuna ofan bæjarstæðisins og liggur meðfram brekkunni á um 150 m kafla til austurs. Þar beygir hann aftur og liggur á um 60 m kafla suður að klettakambi austast í túninu. Um 20 m langur garðbútur liggur svo á milli klettakambsins og klettahæðar sem er í suðaustur horni túnsins. Frá þeirri hæð liggur svo garðurinn á um 100 m kafla neðst í túninu að lágum klettaás suðvestan túns. Bæjarlækurinn sker garðinn á tveimur stöðum en hlið hafa verið á honum á vestur- og austurhliðum.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.

Kambshjáleiga 159133 237 - 19

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’36’’ V14°21’55’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Matjurtagarður um 6 x 5 m að stærð er milli klettahæðar suðaustan í túni um 90 m suðaustur af bæjarstæði og um 5 m innan (austan) túngarðs.

Kambshjáleiga 159133 237 - 20

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N 64°39’40’’ V14°21’57’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Tóft vestan túngarðs. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Tóft er hlaðin upp við stóran jarðfastan stein um 100 m vestur af Kambinum sem hjáleigan dregur nafn sitt af og um 50 m utan túngarðs og lækjar sem rennur rétt vestan hans.

Lýsing
Tóftin er tvískipt, austan við er tóft um 10 m að lengd og 5 m að breidd. Nokkuð hrunin og gróin veggjalög en dyr eru til suðurs. Áföst henni að vestan er önnur tóft um 5 x 3 m, dyr einnig til suðurs. Veggjahæð er 1 m og þykkt um 1,5 m.

Kambshjáleiga 159133 237 - 21

Rétt vestan við Hjáleigukamb. Ljósm. GZ.

Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N64°39’38’’ V14°21’51’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Rétt er hlaðin upp við vesturhlið Kambsins, áberandi klettakambs sem liggur norður-suður í túninu miðju og hjáleigan dregur nafn sitt af.

Lýsing
Kamburinn myndar austurhlið réttarinnar en hlaðinn veggur liggur í boga til vesturs á um 18 m löngum kafla. Réttin er breiðust 3 m og um 2 m langur hleðslubútur er uppi við klettinn við syðri enda réttarinnar. Hlið hefur verið á réttinni til suðvesturs.

Kambshjáleiga 159133 237 – 22

Sérheiti: Elínarkofi
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: 64°39’35’’14°21’44’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Ingimar Sveinsson

Ummerki eftir Elínarkofa austast í túni. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Klettarani liggur nálega norður-suður á um 50 m löngum kafla austast í túni.
Lýsing
Upp við klettinn er hlaðin ferköntuð grjóttóft, líklega einhverskonar áheldi. Tóftin er um 6 m að lengd og 2 m að breidd um 2 x 6 m að innanmáli. Hæð hleðslu er um 40 cm, þykkt um 50 cm. Um 2 m sunnan tóftarinnar er ferkantaður húsgrunnur um 7 x 4 m að stærð. Þar mun hafa staðið svokallaður Elínarkofi, íbúðarhús einsetukonu.
Aðrar upplýsingar
Eftir að búskapur lagðist af á Kambshjáleigu um 1950 bjó Elín Stefánsdóttir áfram í litlu húsi uppi við klett austast í túni, svokölluðum Elínarkofa. Hún fórst þar í eldsvoða.

Kambshjáleiga 159133 237 - 23
Hlutverk: Mótekja
Tegund: Svarðargrafir
Staðsetning: N64°39’34’’ V14°21’45’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Svarðargrafir eru um 20 m neðan og sunnan túns.

Kambshjáleiga 159133 237 - 24
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’35’’ V14°21’55’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Staðhættir
Á túnakorti er útihús/kofi um 100 m vsv af bæjarhúsum (Túnakort).
Smátóft er austan undir klettabrík sem liggur norðaustur-suðvestur um 80-100 m neðan (suðvestan) bæjarhólsins.
Lýsing
Tóftin er um 2,5 x 2,5 m að innanmáli, vegghæð 60 cm, þykkt 60 cm. Dyr hafa verið til austurs.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St

Kambshjáleiga 159133 237 - 25
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’37’’ V14°22’01’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Lýsing
Um 80 m vestan gamla túnsins í Kambshjáleigu er uppistandandi steinsteypt hlaða. Um 10 m vestan hennar eru óglögg veggjalög sem kunna að benda til tófta.
Staðhættir
Á túnakorti er sáðgarður um 120 m suðvestan við bæinn (Túnakort).
Lýsing
Um 80 m vestan gamla túnsins í Kambshjáleigu er uppistandandi steinsteypt hlaða. Ekkert er nú enn greinilegt af matjurtagarðinum en vestan hlöðunnar eru óreglulegar þúfnamyndanir sem kunna að vera leifar af garðveggjum sem ýtt hefur verið upp.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Kambshjáleiga 159133 237 - 26
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Utan við túnið er hraun, sem kallað er Ás, og í því er Sauðakambur, eins og hlaðinn úr steinum [...] Utan Ás er Geitadalur; þar er stekkur frá Kambshjáleigu" (ÖSS:3).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Kambshjáleiga 159133 237 - 27
Hlutverk: Sögustaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Út og upp af Sauðabólinu, uppi í klettunum, er Kórinn, hringmyndaður skúti. Þar á að vera peningakanna" (ÖSS:3)
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Kambshjáleiga 159133 237 - 28
Hlutverk: Tóftaþyrping
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Beint niður af Hálsamótshrygg er Kolþúfa og Kolþúfumelur niður við sjóinn. Innan við Kolþúfu er Húshraunsmýri og Húshraun; undir því eru gamlar tættur" (ÖSS:3).
Aðrar upplýsingar

Ekki skráð 2004

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.

Stekkahjáleiga (Stekkjarhjáleiga, Stekkshjáleiga, Neðri-Hjáleiga) 159137-238

Saga
Stekkahjáleiga var hjáleiga frá kirkjujörðinni Hálsi og hluti af svokölluðu Hálsþorpi. Bæjarrústirnar eru sunnan undir kletti í túni neðan vegar sunnan Kambshjáleigu um 100 m ofan fjöru utan við Hálstanga (Sjm:431).

Hjáleigan hefur gengið undir mörgum nöfnum, Stekkahjáleiga í sóknarlýsingu frá 1840 (SS:556), Stekkshjáleiga í jarðbók, Stekkjarhjáleiga í örnefnaskrá og hún mun einnig nefnd Neðri-Hjáleiga. Býlisins er fyrst getið í jarðabókum 1804, þá nefnd Stekkshjáleiga. Jörðin er skráð sem sjálfstæð jörð í Jarðabók Johnsens frá 1847 og þá sögð 3 hundruð að dýrleika. Í Jarðatalinu er jörðin einnig nefnd Stekkshjáleiga en neðanmáls segir: „Stekkshjáleiga er eigi nefnd fyrr en 1804 og telur prestur 1844 Stekka (7 manns), sem hvorki eru nefndir í jarðabókunum né heldur nú hjá sýslumanni.”(JJ:380).

Nöfn og lega hjáleiga frá Hálsi eru nokkuð á reiki í heimildum en elstu heimildir um hjáleigur frá Hálsi eru í manntalinu 1703. Þar eru nefndar tvær hjáleigur frá jörðinni, Hálshjáleiga og „annar kofi frá Hálsi” (IS:39). Vera kann að önnur þessara hjáleiga hafi verið Stekkahjáleiga en erfitt er að fullyrða um slíkt. Í fornbýla- og eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (bls, 186) er getið um býlið Klapparhjáleigu og kann að vera að þar sé um Stekkahjáleigu að ræða, í það minnsta fellur umhverfi bæjarins vel að nafninu.

Mörk jarðarinnar voru nokkuð óljós líkt og mörk annarra býla í Hálsþorpi en beitiland var sameiginlegt með Hálsi. Býlið fór í eyði 1923 og voru síðustu ábúendur þar Sigurður Sigurðsson frá Uppsölum Suðursveit og Vilborg Gísladóttir frá Firði.

Náttúrufar og jarðabætur
Í Múlaþingi 3 (bls, 86) segir um jörðina að hún hafi verið rýrðarkot, tún kýrfóðursblettur og engjareytur snöggar, en útigangur fyrir fé sæmilegur.
Í Fasteignamati 1918 eru tún sögð 7979 m^2, taða 38 hestburðir og úthey 50 hestburðir. Hæfileg áhöfn 2 nautgripir, 2 hestar og 70 kindur. Þriðjungur túns var sléttur, engjar þýfðar, blautar og dreifðar og var heyið talið óhollt. Mótak var lélegt. Töluverð þaksléttun meðan býlið var í byggð og voru tún vélunnin um 1960 (Sjm:431).

Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, Búnaðarsamband Austurlands.
Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970.*
Guðmundur Eyjólfsson: Einar í hjáleigunni og Ragnheiður kona hans. *Múlaþing 3,* 1968.



Stekkahjáleiga 159137 238 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: N64°39’27’’ V14°22’22’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð og skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er bærinn norðarlega í túninu, sunnan við hann er hlaðið og vegur liggur í norðausturátt frá því (Túnakort).
Í örnefnaskrá segir: „Inn og upp af Sigurnesinu er Hjáleiguhólmi; Þar er dálítið æðarvarp.Upp af hólmanum er Stekkahjáleiga, nú í eyði” (ÖSS:3)
„Bærinn er niðri við sjó utan við Hálstanga við vog og Hjáleiguhólmi fram undan. Hjáleigan fór í eyði 1923, en er nytjuð frá Strýtu” (Sjm:431).
Bæjarstæðið er suður undir kletti í miðju Hjáleigutúninu um 70 m sunnan þjóðvegar.
Lýsing
Í bæjarhólnum eru þrjár greinilegar tóftir. Austust er tóft um 5 x 2 m að innanmáli. Áföst henni vestan til er fjárhústóft um 11 x 3 m að innanmáli. Vestast er tóft af eldhúsi, um 3 x 3 m að innanmáli. Veggir standa enn mjög vel en vegghæð er mest um 2,5 metrar en þykkt 2 m. Grjót er enn mjög greinilegt í hleðslum.
Nánari lýsing
„Hús skv. F´18: Baðstofa 3,78x3,47 m, með flettingssúð” (Sjm:431).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976. Búnaðarsamband Austurlands.
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 2

Sérheiti: Bergsveinstættur
Hlutverk: Fjárhús, bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’27’’ V14°22’17’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð og skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús í túnjaðrinum tæpum 60 m austan við bæinn, vestan við það er matjurtagarður (Túnakort). Í örnefnaskrá segir: „Yzt í túni í Stekkjarhjáleigu eru Bergsveinstættur (þar bjó eitt sinn Bergsveinn Skúlason, seinna bóndi á Urðarteigi)” (ÖEG: 4).
Fjárhústóft er yst (austast) í túni um 60 m suðaustur af bæjarstæðinu.
Lýsing
Tóftin er um 7 x 3 m að innanmáli, þil hefur vitað til suðurs. Garði er eftir miðju húsinu. Veggjahæð er mest um 1,5 m og þykkt 1 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.
Örnefnaskrá Háls (og hjáleigna), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 3

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’29’’ V14°22’21’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð og skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti er útihús nyrst í túnjaðrinum, rúmlega 50 m norðan af bænum (Túnakort). Smákofi er austan undir kletti efst í túni um 20 m neðan (sunnan) þjóðvegar.
Lýsing
Veggir mjög lágir, um 30 cm á hæð, og um 30 cm á breidd, dyr eru til austurs.Tóftin er um 3 x 2,5 m að utanmáli.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 4

Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft og garðlag



Staðsetning: N64°39’36´´ V14°22’29’’
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Staðhættir
Á túnakorti er útihús í túnjaðrinum um 85 m norðvestur af bænum, annað skammt austan, garðlag á milli þeirra. (Túnakort).
Lýsing
Klettur er innst (vestast) í túni Stekkahjáleigu, upp við klettinn er hlaðin smátóft, um 5 x 1,5 m að innanmáli, dyr til suðurs. Veggjahæð 40 cm og þykkt um 40 cm. Upp frá klettinum liggur hlaðið garðlag í boga að norðvesturhorni fjárhústóftar [nr.5] um 25 m ofan og austan klettsins.
Aðrar upplýsingar
Hluti tóftarinnar hefur raskast vegna nýlegra jarðvegsframkvæmda í túninu.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 5
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft og garðlag
Staðsetning: N64°39’27´´ V14°22’30’’
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir
Staðhættir
Á túnakorti er útihús í túnjaðrinum um 85 m norðvestur af bænum, annað skammt austan, garðlag á milli þeirra. (Túnakort).
Fjárhústóft er um 30 m ofan við klett sem er innst (vestast) í túni í Stekkjarhjáleigu.
Lýsing
Tóftin er um 9 x 4 m að innanmáli, veggir hæstir um 70 cm og þykkt um 50 cm. Upp við og samhliða eystri langvegg eru leifar jötu. Frá vestur langvegg tóftarinnar liggur garðlag í hálfboga suður að klettinum, vestast í túni. Ekki er lengur hægt að sjá neinar leifar tóftarinnar sem er sýnd austan fjárhússins eða garðlagsins sem sýnt er á milli þeirra á túnakortinu.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 6
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’26’’ V14°22’26’’
Ástand: Ómetið

Tóft vestan bæjarlækjar. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Á túnakorti er útihús tæpa 50 m suðvestur af bænum (Túnakort).
Um 15 m vestur af bæjarlæknum um 60 m vestur af bæjarstæðinu á Stekkjarhjáleigu.
Lýsing
Tóft gripahúsa um 6 x 3 m að innanmáli, jata meðfram eystri langvegg. Um 2 m löng vegghleðsla liggur til suðvesturs frá vestari langvegg. Mesta vegghæð er 1 m, þykkt 1 m.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 7
Hlutverk: Býli
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Einu sinni voru þrír búendur í Stekkjarhjáleigu, þá stóð einn bærinn við Hjáleigulæk niður við víkina og var kallaður Lækjarós eða Lækjarhús" (ÖEG:4).
Heimildaskrá
Örnefnaskrá Háls (og hjáleiga), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 8
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N64°39'27'' V14°22'22''
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er matjurtagarður sunnan við hlaðið gegnt bænum (Túnakort).
Lýsing
Þarna er nú sléttað tún og ekkert sést lengur af matjurtagarðinum.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 9
Sérheiti: Bergsveinstættur
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39'27'' V14°22'17''
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti er sáðgarður tæplega 50 m austur af bænum, við vesturhlið útihúss sem stendur í túnjaðrinum austanverðum (Túnakort).
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 10
Hlutverk: Vegur
Tegund: Tröð
Staðsetning: N64°39’28’’ V14°22’20’’
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð og skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti liggja niðurgrafnar traðir til nna frá hlaðinu austan bæjar (Túnakort).
Lýsing
Mjög greinilegar djúpar traðir liggja til norðausturs frá bæjarstæðinu á um 70 m löngum kafla.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 11
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: N64°39’27’’ V14°22’21’’
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð og skógrækt

Staðhættir
Smákofi er uppi við klettinn austur af bæjarstæðinu, e.t.v. leiksvæði barna. Kofinn er 1 x 1 m að stærð og veggir óverulegir.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 12
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti eru sýndir þrír samliggjandi matjurtagarðar um 90 m suðvestur af bæjartóftinni.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 13
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á loftmynd eru greinilegir matjurtagarðar á vesturbakka Hjáleigulækjar ofan fjöruborðs um 200 m sunnan bæjarstæðisins á Stekkahjáleigu.
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 14
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er útihús um 70 m suðsuðvestur af bænum (Túnakort).
Aðrar upplýsingar
Engin merki sjást lengur um tóft þessa.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Stekkahjáleiga 159137 238 - 15
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti er útihús í túnjaðrinum um 70 m norðvestur af bænum, annað skammt vestan þess, garðlag á milli þeirra. (Túnakort).
Aðrar upplýsingar
Engin merki sjást lengur um tóft þessa en þarna er nú sléttað tún. Ekki sjást heldur nein merki um garðlagið.
Heimildaskrá
Túnakort; Þ.St.

Viðauki við fornleifaskrá

Völvuleiði á Hamri

Staðsetning: N64°38’58’’ V14°30’49’’
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Hugsanlegar framkvæmdir í grennd bæjarhúsa.

Hjörleifur og Ingimar við Völvuleiði á Hamri. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Í Árbók Ferðafélags Íslands 2002 stendur (s. 77-78):
“Bæjarhús á Hamri standa í brekku upp frá sandinum, klettar að baki og Völvuleiði í brekkuhalli örskammt austan bæjar.” Höfundurinn, Hjörleifur Guttormssonar, fékk um þetta vitneskju frá Jóni Ólafssyni frá Hamri skömmu áður en hann féll frá.
Lýsing
Rétt þykir að tilgreina hér hnitsetningu á Völvuleiði á jörðinni Hamri þótt það liggi utan ramma aðalverkefnisins. Völvuleiðið er þúfumyndun í þúfnakransi um 30 m norðaustan bæjarhúsa á Hálsi og um 5 m suður af ræktuðu túni.

Niðurstöður – samantekt

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Fjöldi minja á skráðum jörðum

Jörð	Fjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi
Háls	58	44
Strýta	26	22
Kambshjáleiga	28	24
Stekkahjáleiga	15	10
Samtals	127	101

Alls voru skráðar 127 fornleifar, þar af voru 101 þeirra skráðar á vettvangi. Minjar sem skráðar höfðu verið upp úr heimildum en eru nú horfnar voru alls 14. Tólf fornleifastaðir voru ekki skráðar á vettvangi, aðallega vörður. Auk skráningarinnar í Hálsþorpi var hnitsett völvuleiði á jörðinni Hamri.

Minjar á Hálsi

Byggð hefur hafist snemma á Hálsi og þar hefur verið kirkjustaður að minnsta kosti frá lokum 12. aldar. Lítil ummerki eru um elstu byggð en þó má ætla að eldri bæjarhóllinn í túninu geymi sögu jarðarinnar allt frá fyrstu tíð. Fornbýlið Hringur er innan túns og sjást þar enn leifar af fjárhúsum og matjurtagarði frá Hálsi. Einnig er tóft gamals fjóss og einhverjar tættur frá býlinu sjálfu en bæjartóftirnar hafa skemmst nokkuð við framkvæmdir. Kirkjugarðurinn er enn vel sýnilegur og innan hans tóft seinustu kirkjunnar. Þar eru einnig nokkur minningarmörk. Bæjartóftir efra bæjarstæðisins eru enn vel greinilegar en Gamlibærinn (Neðribær) er horfinn og eru á bæjarhólnum leifar seinni tíma matjurtagarða. Fjárhús og önnur útihús eru í og við tún

og túngarður sést á kafla ofan túnsins. Niðri við sjó við svokallaða Hálshöfn eru leifar nausta og skammt vestan þeirra grjóthlaðin fiskikró.

Í hinu forna landi Háls á Búlandsdal, nú í landi Teigarhorns, er sel sem var selstaða frá Hálsi. Í fornbýla og eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (bls.186) nefnir hann „Búland, fornbýli í Búlandsdal". Aðrar heimildir finnast ekki um þetta býli en ummerki á Seli benda til að þar sé um a.m.k. tvö byggingaskeið að ræða. Fornleifarannsókn sem gerð var á Seli bendir til að þar hafi verið búið með hléum sem kemur heim og saman við seljabúskap. Hinsvegar gáfu þessar rannsóknir enga hugmynd um aldur rústanna aðra en þær að yngra byggingaskeiðið, sem eru greinilegar selrústir, hefur náð í það minnsta aftur á 17.-18. öld. Tóftir í eldra byggingaskeiðinu eru mun fornlegri en hinar yngri. Þær eru einnig mun meiri að umfangi en seltóftirnar sem styður þá hugmynd að í fyrndinni hafi þar verið býli. Hinsvegar virðist ljóst að sú byggð hefur verið skammlíf enda landkostir rýrir og ekki hægt að greina leifar túngarða eða annarra garðlaga sem venjulega tengjast búskap til forna.

Almennt má segja að minjar í landi Háls séu nokkuð vel varðveittar en þó hafa skemmdir orðið á rústum af bæjarhúsum á kotbýlinu Hring, auk þess sem sléttað hefur verið að einhverju leyti yfir rústir Gamlabæjar við gerð matjurtagarða. Matjurtagarðar sem enn virðast í notkun eru einnig í túni ofan við kirkjugarðinn. Lítil hætta steðjar að minjum á staðnum nema ef þar yrði farið í skipulagða skógrækt.

Minjar á Strýtu

Kotbýlisins Strýtu er fyrst getið í jarðamati snemma á 19. öld en uppruni þess er þó nokkuð óljós. Greinilegt er að býlið er talið með heimajörðinni Hálsi í jarðamati og því kann byggð að hafa hafist þar nokkru fyrr.

Enn stendur uppi framhús gamla bæjarins en er orðið nokkuð hrörlegt. Í túninu eru tóftir nokkurra útihúsa en auk þess er þekja enn á þremur útihúsum. Öll útihús eða tóftir útihúsa í túni eru torf- og grjóthlaðin.

Minjarnar eru ekki í neinni augljósri hættu nema ef farið væri í skipulagða skógrækt á svæðinu.

Minjar í Kambshjáleigu

Kambshjáleigu er fyrst getið í manntali 1816 en byggð kann að hafa hafist þar nokkru fyrr. Þar var búið fram á miðja 20. öld og voru bæjarhús og útihús byggð með fornu verklagi.

Engar seinni tíma framkvæmdir hafa spillt minjum í heimatúni en steypt útihús er nú þar sem áður var hlaðinn matjurtagarður frá bænum vestan túns. Á Kambshjáleigu má enn sjá túngarðinn sem umlykur heimatúnið og innan hans bæjarhólinn, útihús, kofatóftir, heimtröð og matjurtagarða. Ásamt hinu sérstæða landslagi undir Hálsum myndar Kambshjáleigutúnið skemmtilega minjaheild sem brýnt er að varðveita og tilvalið væri að merkja og kynna jafnt heimafólki sem ferðamönnum.

Minjum í Kambshjáleigu stafar helst hætta af því að þar verði farið í skipulagða skógrækt eða sumarbústaðabyggð.

Minjar á Stekkahjáleigu

Stekkahjáleigu er fyrst getið í jarðabókum 1804 og þar var búið fram á fjórða áratug 20. aldar.

Líkt og á öðrum jörðum í Hálsþorpi eru enn í heimatúni menjar um bæinn sem þar stóð seinast auk tófta útihúsa og garðlaga. Tóft bæjarins stendur enn vel og til norðausturs frá henni eru greinilegar traðir. Niðri við sjóinn eru rústir frá því að tvíbýli var á bænum. Allar tóftirnar eru mjög heillegar og einkennandi fyrir kotbýlisbúskap í byrjun 20. aldar.

Minjum í Stekkahjáleigu stafar helst hætta af jarðraski en þegar fornleifaskráningin var gerð hafði nýlega verið framið þar jarðrask sem skemmt hafði hluta útihúsatóftar. Líkt og öðrum minjum í Hálsþorpi stafar tóftum í Stekkahjáleigu einnig hætta af hugmyndum um skipulagða skógrækt á svæðinu..

Minjar í Hálsþorpi, verndun og nýting

Segja má að minjar í Hálsþorpi beri lífsbaráttu alþýðufólks við upphaf síðastliðinnar aldar gott vitni. Fyrir utan bæjarhólana sjálfa er fjölmennasti minjaflokkurinn útihús hverskonar en einnig eru minjar um útræði og sjósókn. Líkt og algengt var við sjávarsíðuna austanlands drýgðu menn búskapinn með fiskveiðum en þó mun sjósókn aldrei hafa verið stunduð í miklum mæli frá Hálsþorpi.

Út frá lagalegum sjónarmiðum eru flestar minjanna sem hér um ræðir fyrir utan ramma Þjóðminjalaganna þar sem að stór hluti þeirra eru frá fyrri hluta, eða um miðja 20. öldina. Til þess að mannvistarminjar geti flokkast sem fornleifar þurfa þær að hafa náð 100 ára aldri. Hinsvegar ber að gæta að því að seinni tíma úti- og bæjarhús standa gjarnan á rústum eldri bygginga sem njóta verndunar þjóðminjalaga.

Hinsvegar er það sammerkt með öllum býlunum í Hálsþorpi að þar var búið upp á gamla mátann og bæjarhús jafnt sem útihús byggð eftir fornu verklagi. Sökum þess að byggð lagðist af í Hálsþorpi áður vélar urðu algengar við búskap hafa minjar og tún þar að miklu leyti sloppið við breytingar og skemmdir vegna seinni tíma framkvæmda. Af þeim sökum myndar svæðið undir Hálsum sérstaka minja- og náttúruheild sem tilvalið væri að varðveita sem útivistar- og minjasvæði og kynna það og merkja á viðeigandi hátt. Stórbrotin náttúra og minjaumhverfi Kambshjáleigu er sérlega vel fallið til slíkrar kynningar en þar má enn greina merki um allar þær byggingar og garða sem stóðu þegar býlið var yfirgefið.

Hingað til má segja að lítil hætta hafi steðjað að minjum í Hálsþorpi. Sumarbústaður hefur verið reistur á Hring og einhver jarðrækt hefur farið fram á Hálsi. Auk þess hafa tún verið nytjuð að einhverju leyti en tóftir og aðrar byggðaleifar hafa ekki orðið fyrir teljandi skaða af þessum völdum. Nú eru uppi áform um skógrækt á svæðinu undir Hálsum og er því skógrækt tilgreind sem hættuorsök í hættumati fornleifaskrárinnar.

Skógrækt og minjavernd geta farið saman ef rétt er að staðið en forsenda þess er að fornleifaskráning hafi farið fram á skógræktarsvæðum og tillit sé tekið til niðurstaðna hennar. Skógrækt hefur aðallega áhrif á minjar á tvo vegu. Með plöntun trjágróðurs breytist landslag, náttúrulegt og manngert. Þannig geta einstakir minjastaðir og minjaheildir misst innbyrðis samhengi auk þess sem tenging þeirra við forna landnýtingu og búskapar- og atvinnuhætti glatast. Mesta beina hættan stafar þó af rótum trjáa og annars gróðurs sem plantað er í og við minjar. Ræturnar aflaga og róta til jarðlægum mannvistarlögum svo sem torfveggjum og gólflögum þannig að mikilvægar fornleifafræðilegar upplýsingar fara forgörðum. Trjágróður á minjastöðum rýrir því fornleifafræðilegt gildi þeirra.

Mikilvægt er að ráð sé gert fyrir minjum við skipulagningu fyrir skógrækt og að þeim sé ætlað nægilegt rými innan skógræktarsvæða. Með því að skrá og flokka minjar er hægt að gera áætlun um varðveislu og sýnileika minja og minjaheilda við skógræktaráætlanir. Á þann hátt er einnig hægt að fylgjast með mikilvægum minjastöðum eftir því sem að náttúrulegum skógi vex ásmegin í skjóli skipulagðrar skógræktar eða friðunar.

Skóg- og jarðrækt er líka oftast mikil í og við sumarhúsabyggðir. Sumarbústaðir eru oft reistir á fallegum náttúru- og útsýnisstöðum, í nokkurri fjarlægð frá nútíma byggðakjörnum. Þeir þættir sem ráða staðarvali nútíma sumarhúsa eru gjarnan þeir sömu og réðu ferð þegar bæjar- og útihúsum voru valdir staðir á öldum áður. Því er skráning fornleifa mikilvægur þáttur í skipulagningu einstakra sumarhúsalóða og einnig stærri sumarhúsabyggða.

Þar sem um minja- og náttúruheild er að ræða líkt og í hinu gamla Hálsþorpi fer best á því að engum gróðri sé plantað í gömlu túnin eða upp við brekkur og kletta. Á þann hátt varðveitist það náttúru- og manngerða umhverfi sem einkennt hefur byggðina undir Hálsum í gegnum aldirnar.

Niðurlag

Svæðið sem skráð var afmarkaðist við svokallað Hálsþorp, þ.e. kirkjujörðina Háls og hjáleigur hennar. Segja má að minjarnar á hinu skráða svæði séu dæmigerðar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Er þar um að ræða hefðbundnar búsetuminjar auk ummerkja um útgerð og sjósókn. Víðtækari ályktanir um byggðasögu Búlandsness krefjast hins vegar heildstæðari fornleifaskráningar en hér var gerð.

Auk þess að vera mikilvæg heimild um byggðasögu og fornleifar á svæðinu gagnast skráningin sveitarfélaginu við aðalskipulagsgerð og við skipulagningu skógræktar. Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru skógrækt og/eða jarðrækt. Hyggja þarf að því að gróðursetja ekki í eða við tóftir. Skógrækt og varðveisla fornleifa geta farið saman ef lega minja og minjaumhverfið er tekið inn í skipulag skógræktarsvæða og því ætlað nægilegt rými innan skipulagsins. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar.*

Þess ber einnig að gæta að minjar geta leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna

Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar:

Háls

- Búland/Sel á Búlandsdal
- Stekkur
- Króin
- Dys
- Hálshöfn

Strýta

- Framhús
- Minjaheild

Kambshjáleiga

- Bæjarhóll, tún og tóftir umhverfis bæjarhól

Stekkahjáleiga

- Heildstæðar minjar kotbýlis frá því í byrjun 20. aldarinnar

Heimildir

Skammstöfun fyrir heimildir í texta eru í sviga aftan heimildanna í listanum.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993 [Fjölrit].
Eiríkur Sigurðsson: *Með oddi og Egg.* Minningar Ríkarðs Jónssonar, Reykjavík,1972. (ES)
Guðmundur Eyjólfsson: Einar í hjáleigunni og Ragnheiður kona hans. *Múlaþing 3, 1968.*
Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdiciplinary study.* Oxford, 1992. (GS)
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing 5, 1970.* (HS)
Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, 1989.
Íslenskt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)
Íslenskt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907. (DI IV)
Íslenzkt fornbréfasafn VI 1245-1491. Reykjavík, 1900-1904. (DI VI)
Íslenzkt fornbréfasafn VII. Reykjavík, 1903-1907. (DI VII)
Íslenskt fornbréfasafn VIII 1261-1521. Reykjavík, 1906-1913. (DI VIII)
Íslenzkt fornbréfasafn IX. Reykjavík, 1909-1913. (DI IX)
Íslenskt fornbréfasafn X 1169-1542. Reykjavík, 1911-21. (DI X)
Íslenskt fornbréfasafn XI 1310-1550. Kaupmannahöfn, 1915-25. (DI XI)
Íslenzkt fornbréfasafn XII. 1200-1554. Reykjavík, 1923-1932. (DI XII)
Íslenskt fornbréfasafn XV 1567-1570. Reykjavík, 1947-50. (DI XV)
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000. (SS)
Sigfús Sigfússon: *Íslenskar þjóðsögur og sagnir VI*, Reykjavík 1986.
Stefán Einarsson: Austfirðir sunnan Gerpis *Árbók Ferðafélags Íslands 1955.*
Örnefnaskrá Háls (a), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖISa)
Örnefnaskrá Háls (b), athugasemdir og viðbætur. Ingimar Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖISb)
Örnefnaskrá Háls (og hjáleigna), athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur Guðjónsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖEG)
Örnefnaskrá Háls. Skráð eftir Sveini Stefánssyni. Örnefnastofnun. (ÖSS)
Örnefnauppdráttur eftir Eyjólf Guðjónsson
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Háls.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Strýtu.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Stekkahjáleigu.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Kambshjáleigu.

Viðauki

Listi yfir hnit, loftmyndir og túnakort af jörðunum

Listi yfir hnit í Hálsþorpi

Háls

Númer	Fornleifar	Norður Gráður	Mín.	Sek.	Vestur Gráður	Mín.	Sek.	Ísn93 Austur	Norður
1	Neðra bæjarstæði	64,000	39,000	30,000	14,000	23,000	4,000	720307,752	469956,643
2	Efra bæjarstæði	64,000	39,000	42,000	14,000	23,000	0,000	720333,580	470331,125
3 og 4	Kirkja/kirkjugarður	64,000	39,000	39,000	14,000	23,000	2,000	720313,890	470236,536
6	Útieldhús	64,000	39,000	42,000	14,000	22,000	50,000	720465,915	470340,809
7	Hesthús neðan kirkjugarðs	64,000	39,000	38,000	14,000	23,000	2,000	720316,149	470205,652
8	Nátthagi	64,000	39,000	39,000	14,000	23,000	19,000	720097,939	470096,550
9	Fjárhús og hlaða/Lambhús	64,000	39,000	41,000	14,000	23,000	5,000	720269,671	470295,400
10	Hringur/Bæjarstæði	64,000	39,000	38,000	14,000	23,000	20,000	720077,935	470188,236
11	Fjárhús og hlaða frá Hálsi	64,000	39,000	39,000	14,000	23,000	18,000	720102,146	470221,054
12	Fjós/Hringur	64,000	39,000	42,000	14,000	23,000	14,000	720148,310	470317,576
13	Matjurtagarður	64,000	39,000	39,000	14,000	23,000	18,000	720102,146	470221,054
14	Brunnur við Hring	64,000	39,000	37,000	14,000	23,000	21,000	720066,957	470156,385
16	Matjurtagarður	64,000	39,000	40,000	14,000	23,000	9,000	720218,994	470260,645
20	Túngarður/Vestari túngarðsendi	64,000	39,000	43,000	14,000	23,000	4,000	720278,387	470358,137
21	Kofi/Lambakofi	64,000	39,000	43,000	14,000	22,000	55,000	720397,487	470366,850
22	Barnakofi	64,000	39,000	43,000	14,000	22,000	51,000	720450,421	470370,724
23	Brunnur	64,000	39,000	42,000	14,000	23,000	3,000	720293,879	470328,220
24	Grjóthleðsla	64,000	39,000	36,000	14,000	23,000	28,000	719976,572	470118,733
25	Geymsla	64,000	39,000	41,000	14,000	23,000	5,000	720269,671	470295,400
26	Mylla	64,000	39,000	36,000	14,000	22,000	57,000	720386,840	470148,725
27	Mylla	64,000	39,000	27,000	14,000	23,000	18,000	720129,230	469850,443
28	Djáknadys	64,000	39,000	29,000	14,000	26,000	38,000	717477,552	469719,928
29	Grjótgarður	64,000	38,000	33,000	14,000	30,000	50,000	714264,842	467751,196
30	Stekkurinn	64,000	39,000	33,000	14,000	23,000	59,000	719573,055	469996,143
31	Tóft	64,000	39,000	34,000	14,000	23,000	1,000	720338,421	470083,084
32	Tóft og garðlag	64,000	39,000	35,000	14,000	23,000	0,000	720349,396	470114,936
33	Hleðsla	64,000	39,000	30,000	14,000	23,000	22,000	720069,518	469939,227
35	Hálshöfn - naust	64,000	39,000	14,000	14,000	23,000	0,000	720396,844	469466,370
36	Hálshöfn - naust	64,000	39,000	14,000	14,000	23,000	0,000	720396,844	469466,370
39	Fiskikró	64,000	39,000	18,000	14,000	23,000	5,000	720321,622	469585,065
42	Vígðilækur	64,000	39,000	29,000	14,000	28,000	3,000	716352,456	469638,912
43	Tóft	64,000	39,000	48,000	14,000	23,000	41,000	719777,477	470476,786
44	Reiðgötur	64,000	39,000	47,000	14,000	23,000	14,000	720137,022	470471,997
45	Goðsteinar á Búlandsdal	64,000	40,000	31,000	14,000	23,000	13,000	720050,917	471831,871
46	Reiðgötur	64,000	40,000	36,000	14,000	24,000	35,000	718955,059	471907,206
47	Rétt á Búlandsdal	64,000	40,000	38,000	14,000	24,000	7,000	719320,902	471995,937
48	Sel á Búlandsdal	64,000	40,000	37,000	14,000	23,000	51,000	719534,774	471980,479
49	Tóft við Sel	64,000	40,000	38,000	14,000	23,000	53,000	719506,069	472009,434
50	Grjóthleðsla við Sel	64,000	40,000	38,000	142,000	35,000	3,000	720552,101	470253,971
51	Tobbugjót	64,000	39,000	44,000	14,000	22,000	50,000	720461,394	470402,577

Strýta

1	Bæjarstæði	64,000	39,000	40,000	14,000	22,000	42,000	720576,307	470286,793
3	Fjárhús	64,000	39,000	41,000	14,000	22,000	46,000	720521,111	470313,800
4	Brunnur	64,000	39,000	40,000	14,000	22,000	40,000	720602,774	470288,731
5	Hlaða	64,000	39,000	42,000	14,000	22,000	46,000	720518,849	470344,684
6	Fjárhús	64,000	39,000	41,000	14,000	22,000	40,000	720600,512	470319,615
7	Hesthús	64,000	39,000	39,000	14,000	22,000	44,000	720552,101	470253,971
11	Túngarður	64,000	39,000	42,000	14,000	22,000	50,000	720465,915	470340,809
12	Fjárhús	64,000	39,000	36,000	14,000	22,000	49,000	720492,714	470156,474
13	Kofi	64,000	39,000	33,000	14,000	22,000	52,000	720459,793	470060,915
14	Mannvirki	64,000	39,000	34,000	14,000	22,000	50,000	720484,002	470093,737
15	Garðlag	64,000	39,000	34,000	14,000	22,000	50,000	720484,002	470093,737
16	Kofi	64,000	39,000	39,000	14,000	22,000	51,000	720459,464	470247,188
17	Matjurtagarðar	64,000	39,000	40,000	14,000	22,000	53,000	720430,735	470276,135
18	Vatnsból	64,000	39,000	41,000	14,000	22,000	45,000	720534,344	470314,769
19	Kofi	64,000	39,000	42,000	14,000	22,000	44,000	720545,316	470346,623
20	Vindmylla	64,000	39,000	40,000	14,000	22,000	40,000	720602,774	470288,731
21	Matjurtagarður	64,000	39,000	38,000	14,000	22,000	39,000	720620,533	470227,933
22	Tóft	64,000	39,000	39,000	14,000	22,000	36,000	720657,972	470261,725
23	Hænsnakofi	64,000	39,000	39,000	14,000	22,000	33,000	720697,674	470264,634
24	Reiðgötur	64,000	39,000	39,000	14,000	22,000	32,000	720710,908	470265,604

Býli	Fornleifar	Norður			Vestur			Ísn93	

Kambshjáleiga

Númer		Gráður	Mín.	Sek.	Gráður	Mín.	Sek.	Austur	Norður
1	Bæjarhóll	64,000	39,000	38,000	14,000	21,000	40,000	721401,332	470285,230
2	Matjurgarður og tóftir	64,000	39,000	38,000	14,000	21,000	49,000	721282,228	470276,476
3	Fjárhús	64,000	39,000	40,000	14,000	21,000	47,000	721304,157	470340,188
4	Útihús	64,000	39,000	40,000	14,000	21,000	46,000	721317,390	470341,160
5	Tóft	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	47,000	721313,234	470216,654
6	Tóft	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	47,000	721313,234	470216,654
7	Fjárhús og hlaða	64,000	39,000	39,000	14,000	21,000	44,000	721346,127	470312,222
8	Kofi	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	53,000	721233,830	470210,821
9	Tóft	64,000	39,000	40,000	14,000	21,000	54,000	721211,522	470333,382
11	Matjurtagarður	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	47,000	721313,234	470216,654
12	Matjurtagarður	64,000	39,000	39,000	14,000	21,000	59,000	721147,622	470297,640
13	Matjurgarður	64,000	39,000	34,000	14,000	21,000	56,000	721198,664	470146,138
14	Kofi/öskuhaugur	64,000	39,000	38,000	14,000	21,000	49,000	721282,228	470276,476
15	Traðir	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	47,000	721313,234	470216,654
17	Fjárhús	64,000	39,000	39,000	14,000	21,000	48,000	721293,193	470308,332
18	Túngarður	64,000	39,000	40,000	14,000	21,000	53,000	721224,756	470334,354
19	Matjurtagarður	64,000	39,000	36,000	14,000	21,000	55,000	721207,362	470208,877
20	Tóft	64,000	39,000	40,000	14,000	21,000	57,000	721171,822	470330,467
21	Rétt	64,000	39,000	38,000	14,000	21,000	51,000	721255,760	470274,532
22	Elínarkofi - Bústaður	64,000	39,000	35,000	14,000	21,000	44,000	721355,206	470188,689
23	Svarðargrafir	64,000	39,000	34,000	14,000	21,000	45,000	721344,242	470156,833
24	Tóft	64,000	39,000	35,000	14,000	21,000	55,000	721209,630	470177,993
25	Matjurtagarður	64,000	39,000	37,000	14,000	22,000	1,000	721125,690	470233,929

Stekkahjáleiga/Neðri-Hjáleiga

1	Bæjarstæði	64,000	39,000	27,000	14,000	22,000	22,000	720870,421	469904,700
2	Fjárhús/Bergsveinstættur/Bústaður	64,000	39,000	27,000	14,000	22,000	17,000	720936,598	469909,554
3	Kofi	64,000	39,000	29,000	14,000	22,000	21,000	720879,127	469967,438
4	Tóft og garðlag	64,000	39,000	36,000	14,000	22,000	29,000	720757,400	470175,862
5	Tóft og garðlag	64,000	39,000	27,000	14,000	22,000	30,000	720764,537	469896,938
6	Tóft	64,000	39,000	26,000	14,000	22,000	26,000	720819,743	469869,935
10	Heimtröð	64,000	39,000	28,000	14,000	22,000	20,000	720894,627	469937,525
11	Kofi	64,000	39,000	27,000	14,000	22,000	21,000	720883,656	469905,671

Hamar

Völvuleiði		64,000	38,000	58,000	14,000	30,000	49,000	714223,192	468524,354

Háls

Lottmynd: Landmælingar Íslands/Túnakort Háls
Teikning: GZ

Strýta

Loftmynd: Landmælingar Íslands/Túnakort Strýtu
Teikning: GZ



Stekkahjáleiga

Loftmynd: Landmælingar Íslands/Túnakort Stekkahjáleigu
Teikning: GZ



Kambshjáleiga

Loftmynd: Landmælingar Íslands/Túnakort Kambshjáleigu
Teikning: GZ



Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal.** Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
11 **Glaumbær.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði.** Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
13 **Höfði á Höfðaströnd.** Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
14 **Hátún og Mikligarður.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
15 **Syðra-Skörðugil.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað.** Guðný Zoëga júlí 2003.
17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi.** Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.** Guðný Zoëga október 2003
21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
27 **Fornleifaksráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, RagnheiðurTraustadóttir janúar 2004.
29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum.** Guðný Zoëga, mars 2004.
31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ.** Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi.** Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
34 **Hallormsstaður og nágrenni.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.krokur.is/glaumb/